# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 31. JANÚAR 2017




Það var kátt á hjalla á Bessastöðum þegar sýrlensku flóttamennirnir, stórir sem smáir, gengu til móts við forseta Íslands og var heilsað með handabandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Forsetinn tók á móti 22 flóttamönnum

**Fimm fjölskyldur sýrlenskra flóttamanna komu til Íslands í gær. Forseti, velferðarráðherra og borgarstjóri buðu fjölskyldurnar velkomnar á Bessastöðum. Þar voru flóttamennirnir boðnir velkomnir en móttakan átti upphaflega að vera á Keflavíkurflugvelli.**

**SAMFÉLAG** Tekið var á móti fimm sýrlenskum fjölskyldum á Bessastöðum í gær. Fjölskyldurnar eru úr hópi flóttafólks sem íslensk stjórnvöld hafa boðið að setjast að á Íslandi. Í hópnum eru níu fullorðnir og þrettán börn og munu fjölskyldurnar setjast að í Reykjavík og á Akureyri.

Fjölskyldurnar höfðu áður verið í Beirút, höfuðborg Líbanons. Við komuna til Íslands sameinuðust fjölskyldur fjölskyldumeðlimum sem áður höfðu komið til Íslands og voru því miklir fagnaðarfundir.

Hópurinn lenti á Keflavíkurflugvelli og fór þaðan með rútu til Bessastaða. Þegar á Bessastaði var komið tóku forsetahjónin, Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid og sonur þeirra, á móti hópnum með handabandi.

Þegar inn á Bessastaði var komið ávörpuðu forseti, Þorsteinn Víglundsson velferðarráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hópinn. Buðu þeir hópinn hjartanlega velkominn.

„Kæru gestir, ég býð ykkur hjartanlega velkomna til Íslands. Þið þurftuð að flýja stríð og hörmungar heima fyrir. Ég vona að ykkur muni líða vel hér,“ sagði Guðni.

Þá sagði forsetinn Íslendinga eina ekki geta bjargað heiminum. Öflugri ríki þurfi að stuðla að friði. „Við getum samt lagt okkar af mörkum. Boðið öruggt skjól. Bætt okkar samfélag með því að sýna í verki víðsýni, umburðarlyndi og mannúð,“ bætti forsetinn við. Þorsteinn sagði Íslendinga taka á móti fjölskyldunum með gleði og opnum faðmi. „Og sýnum með því í verki andúð okkar á þeim sem leggja stein í götu þeirra sem síst skyldi og loka fyrir því fólki landamærum,“ sagði hann enn fremur og vísaði þar til tilskipunar Donalds Trump Bandaríkjaforseta sem hefur valdið miklu fjaðrafoki.

> Kæru gestir, ég býð ykkur hjartanlega velkomna til Íslands.
>
> Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands



Eftir ávörp forseta, ráðherra og borgarstjóra var boðið upp á kremkex frá Fróni og voru fjölskyldurnar síðan leystar út með gjöfum áður en þær héldu aftur út í rútu. – **þea**

## Tískan á SAG hátíðinni

**LÍFIÐ** Það slógu ekki allir í gegn á SAG-verðlaunahátíðinni sem fór fram á sunnudaginn en vel er farið yfir tískuna og glamúrinn á rauða dreglinum í dag. Sumir kjólanna hafa náð að vera umdeildir og komist inn á báða listana, annarsvegar yfir þá bestu og hinsvegar þá verstu. Þannig komst kjóll leikkonunnar Taylor Schilling inn á báða listanna. Hjá sumum tískuspekúlöntum féll Adeam kjóll hennar ekki í kramið en aðrir benda á fegurðina í fjólubláa kjólnum og segja hann glæsilegan.



## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Pétur Gunnarsson skrifar um strákapör sögunnar. 11

**SPORT** Kári Árnason er genginn í raðir Omonoia Nicosia á Kýpur. 12

**TÍMAMÓT** Elín Pálmadóttir blaðamaður er níræð í dag. 15

**LÍFIÐ** Hildur Kristín Stefánsdóttir tekur þátt í Meistaramánuði og Söngvakeppni sjónvarpsins. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Allhvöss suðaustan- og austanátt og fremur vætusamt á sunnanverðu landinu á morgun, en yfirleitt þurrt fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 16



Eygló Harðardóttir FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Munu fjölga myndavélum í miðbænum

**SAMFÉLAG** Ofbeldisvarnarnefnd í Reykjavík fundaði í gær með Degi B. Eggertssyni og Sigríði Björk Guðjónsdóttur, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Tilefni fundarins var hvernig betur væri hægt að koma í veg fyrir ofbeldi í Reykjavík. Á fundinum var sammælst um að þörf væri á að stórauka fræðslu til ungmenna um ofbeldi, fjölga öryggismyndavélum í miðborg Reykjavíkur og bæta lýsingu á svæðinu.

Þá hefur minnihlutinn á Alþingi beðið um fund og umræður í allsherjarnefnd og með Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra til að heyra hvað stjórnvöld ætli að gera til að sporna gegn ofbeldi.

„Við vitum að þegar verður farið í þau verkefni sem samfélagið er að kalla eftir þá mun það kosta eitthvað og þá þarf að tryggja að viðkomandi stofnun eða embætti fái þann stuðning sem þau þurfa. Það yrði ótækt ef peningarnir yrðu búnir í janúar," segir Eygló Harðardóttir þingkona Framsóknarflokksins og bætir við að umfjöllun síðustu daga hafi sýnt að mál Birnu Brjánsdóttur hafi aukið á óöryggi og hræðslu í samfélaginu.

„Birnumálið hefur snert okkur öll og umfjöllun í Fréttablaðinu um helgina til dæmis sýndi svo vel hvað það hefur aukið á óöryggi og hræðslu í samfélaginu. Þess vegna viljum við fá að heyra hvað stjórnvöld ætli að gera til að vinna og sporna gegn ofbeldi." **– bb**

# Grisjað í Öskjuhlíð



Grisjun trjáa í Öskjuhlíð er hafin og felldu þessir menn tré í hlíðinni í gær. Alls verða felld130 grenitré sem ná upp fyrir öryggisviðmið í aðflugslínu að Reykjavíkurflugvelli. Fyrirtækið Hreinir garðar sér um verkið. Alls kostar grisjunin Reykjavíkurborg nærri tuttugu milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tíu vildu í sviðsstjórann

**STJÓRNSÝSLA** Tíu sóttu um stöðu sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Umsóknarfrestur rann út 23. janúar síðastliðinn. Áður gegndi Stefán Eiríksson stöðunni. Hann hefur verið ráðinn borgarritari.

Á meðal umsækjenda eru fyrrverandi alþingismaðurinn Valgerður Bjarnadóttir og bæjarstjóri Akraness, Regína Ásvaldsdóttir. Valgerður var alþingismaður Reykjavíkurkjördæmis norður árin 2009 til 2016 fyrir Samfylkinguna.

Umsækjendur eru Andreas Örn Aðalsteinsson, Auður Herdís Sigurðardóttir, Elly A. Þorsteinsson, Guðjón Sigurbjartsson, Hulda Dóra Styrmisdóttir, Kristján Sturluson, Matthildur Ásmundardóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir. **– þea**




# Blár strengur gegn ofbeldi á drengjum

Kennarar og nemendur við Háskólann á Akureyri segja samfélagið ekki geta lokað augunum fyrir kynbundnu ofbeldi gegn drengjum og blása til átaksins 1 Blárstrengur. Nokkrir tónlistarmenn hafa stillt gítara sína með bláum streng.

**FRÆÐSLUMÁL** „Rannsóknir sýna að allt að einn af hverjum sex drengjum verður fyrir kynferðisofbeldi," segir í bréfi sem sent hefur verið ýmsum opinberum aðilum þar sem óskað er eftir styrkjum við átaksverkefni til að vekja athygli á kynferðisofbeldi gagnvart drengjum.

Átaksverkefnið er á vegum nokkurra nemenda og kennara á heilbrigðisvísindasviði við Háskólann á Akureyri. Halda á ráðstefnu og vinnusmiðju á Akureyri með upphafsmönnum verkefnisins sem eru frá Ástralíu og Evrópu. Jafnframt á að efla starfsemi rannsóknarmiðstöðvar gegn ofbeldi sem nemendur og kennarar í HA komu á fót 2011.

Fjölmargir tónlistarmenn hafa þegar stillt gítara sína með bláum streng. Þungarokkssveitin Skálmöld með sínum þremur gítarleikurum eru allir með bláan streng eins og Bubbi Morthens, Magni og Hreimur Heimisson.

„Markmið rannsóknarmiðstöðvarinnar er að útrýma öllu ofbeldi, einkum gegn börnum og ofbeldi í nánum samböndum, meðal annars með samvinnu við stofnanir og félög hérlendis og erlendis," segir í bréfi aðstandenda verkefnisins. Einn þáttur þess er átaksverkefnið 1 Blárstrengur.

„Verkefninu „1 Blárstrengur" er ætlað að vekja athygli á kynferðisofbeldi gagnvart drengjum, það er byggt á erlendri fyrirmynd sem hefur gefið góða raun þar sem því hefur verið hrundið í framkvæmd," segir í erindinu þar sem er, eins og fyrr segir, vitnað til rannsókna sem sýna að allt að einn af hverjum sex drengjum verður fyrir kynferðisofbeldi. „Vísar nafnið á verkefninu til sex strengja gítarsins en til að vekja athygli á átakinu er einum streng skipt út fyrir bláan streng."

Þá kemur fram að kynferðisofbeldi hafi alvarlegar afleiðingar á líf milljóna um allan heim. Samfélagið geti ekki lokað augum og eyrum gagnvart þessum vanda. Karlmenn sem segi frá reynslu sinni upplifi bæði jákvæð og neikvæð viðbrögð.

„Allt of margir upplifa fordóma frá samfélaginu og eru því hræddir við að segja frá. Karllæg gildi, karlmennskuímyndin og staðalímyndir hafa áhrif þar á og þrátt fyrir að samfélagið viðurkenni að vandinn sé til staðar virðast karlmenn almennt ekki leita sér hjálpar vegna reynslu sinnar, því er mikilvægt að opna umræðuna." **– gar**



Baldur Ragnarsson, gítarleikari í Skálmöld og fleiri hljómsveitum, hefur stillt gítarinn sinn með bláum streng. MYND/BALDUR RAGNARSSON

> Þrátt fyrir að samfélagið viðurkenni að vandinn sé til staðar virðast karlmenn almennt ekki leita sér hjálpar vegna reynslu sinnar.
>
> Úr bréfi aðstandenda verkefnisins 1 Blárstrengur




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050

mazda.is

# Ósáttir við aðgerðir á vanhirtum búfénaði

**Ábúendur á Brimnesi við Eyjafjörð hafa verið sviptir bústofni sínum. Bústjóri er nú yfir búinu og mun MAST taka ákvörðun í næsta mánuði um hvort ábúendur fái aftur leyfi til dýrahalds. Alls þurfti að slátra 45 nautgripum vegna vanhirðu.**



Margar kvíganna liggja bundnar við bása en ný reglugerð veitir þeim rýmri aðstöðu en áður þekktist. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN

**LANDBÚNAÐUR** Bræðurnir Kjartan Gústafsson og Arnar Gústafsson, á Brimnesi við utanverðan Eyjafjörð, eru ósáttir við starf Matvælastofnunar en 45 nautgripum var ekið til slátrunar frá bænum í síðustu viku vegna vanhirðu. Nú er búfé á bænum í vörslu Matvælastofnunar og bústjóri kominn yfir búið. Bræðurnir segja stofnunina hafa farið allt of geyst.

Fram kom í fréttatilkynningu MAST fyrir helgi að lagt hefði verið hald á 215 nautgripi, 45 þurfti að slátra en annað búfé var tekið í vörslu MAST að uppfylltum tilteknum skilyrðum..

Arnar Gústafsson býr á Brimnesi ásamt bróður sínum Kjartani. Hafa þeir um langa hríð unnið bústörf á bænum en Kjartan tók við af foreldrum sínum árið 1967.

„Að okkar mati gengu þeir allt of langt. Héraðsdýralæknir sagði að það væri of þétt um dýrin og þau fengju að valsa frjáls í fóðurganginum sem er ekki rétt. Það virðist vera að ekki sé hlustað á okkar útskýringar. Einnig var gert að því að ekki væri nægjanlegt vatn en það er allt komið í stakasta lag núna,“ segir Arnar. „Það hefði ekki þurft að fara í þessar íþyngjandi aðgerðir,“ bætir hann við.

Matvælastofnun hefur haft Brimnes undir smásjá um nokkurt skeið. Í haust misstu þeir leyfi til framleiða mjólk til manneldis vegna vanþrifa. Að mati MAST var hreinlæti ekki nægjanlegt til að hægt væri að senda mjólk frá bænum á mjólkurstöð. Hefur því mjólkin aðeins farið í kálfa á bænum.

> **Það virðist vera að ekki sé hlustað á okkar útskýringar.**
>
> Arnar Gústafsson, bóndi á Brimnesi



Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir Matvælastofnunar, segir þessar aðgerðir þær einu sem hægt væri að ráðast í. Settar hafi verið dagsektir á þá fyrir skömmu til að krefjast úrbóta í hinum ýmsu málum.

Til að mynda hafi dýr ekki verið flokkuð eftir stærð, óþrifnaður mikill og vatn af skornum skammti og kálfar gengu lausir í fóðurgangi og skitu í heyið. „Nú hafa þeir tiltekinn frest til að gera hreint fyrir sínum dyrum og koma skikki á bústörfin. Við munum því eftir tiltölulega stuttan tíma ákveða hvort þeir fái leyfi til dýrahalds á nýjan leik eða ekki. Við eigum í störfum okkar að gæta og standa vörð um velferð dýranna,“ segir hún. **sveinn@frettabladid.is**



Einstaklingur sem býður heimagistingu þarf að staðfesta við skráningu hjá sýslumanni að til staðar sé starfsleyfi heilbrigðisnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Engin starfsleyfi gefin út

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Það hafa borist rúmlega 50 umsóknir frá áramótum um starfsleyfi vegna nýju heimagistingarinnar. Við höfum enn ekki gefið út nein starfsleyfi en munum afgreiða um 10 leyfi núna í vikunni,“ segir Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóri hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Þar hafa heilbrigðisfulltrúar verið önnum kafnir við að gera úttekt á húsnæði einstaklinga sem leigja ferðamönnum.

„Við ráðumst á þennan skafl eins og hægt er. Við erum enn að afgreiða þá sem sóttu um fyrir áramót,“ tekur Óskar fram.

Samkvæmt reglugerð sem tók gildi um áramótin var rekstrarleyfisskylda afnumin af heimagistingu en einstaklingur sem býður heimagistingu þarf að staðfesta við skráningu hjá sýslumanni að til staðar sé starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Endurnýja þarf skráningu á hverju ári.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu mun annast eftirlit með skráðum og skráningarskyldum aðilum. Samkvæmt upplýsingum frá embættinu verður listi yfir skráðar heimagistingar birtur á næstu dögum og verður hann aðgengilegur á vefsíðu sýslumanna. **– ibs**

## Íslendingi meinuð innganga

**SAMGÖNGUR** Meisam Rafiei íslenskur ríkisborgari sem fæddist í Íran, fékk ekki að fara til Bandaríkjanna í gær vegna fæðingarlands síns.

Meisam er fyrrverandi landsliðsþjálfari Íslands í bardagalistinni taekwondo. Hann var á leiðinni til Bandaríkjanna til að keppa í taekwondo fyrir hönd Íslands.

Þá hefur Meisam verið íslenskur ríkisborgari í fimm ár og hefur hann tekið þátt í íslenskum stjórnmálum. Sat hann á lista fyrir Vinstri hreyfinguna grænt framboð fyrir alþingiskosningarnar í október. **– þea**

## Kirkjuráði er full alvara með því að auglýsa Laugaveg 31 til sölu

**FASTEIGNIR** Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, segir ráðinu full alvara með að selja Laugaveg 31.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Oddi í kjölfar ummæla kirkjuráðskonunnar Svönu Helenar Björnsdóttur. „Við erum bara að athuga hvaða verð við gætum fengið fyrir húsið. Við höfum sett húsið á sölu en það er engin skuldbinding að selja,“ sagði Svana í Fréttablaðinu í gær.

„Kirkjuráði er full alvara með að selja húsið en það verður auðvitað ekki gert nema ásættanleg tilboð berist frá traustum aðilum en þarf að svara fyrir allar gjörðir sínar gagnvart Ríkisendurskoðun,“ segir Oddur sem vísar til samþykktar kirkjuráðs fyrir tveimur vikum og greinargerðar sem þá var lögð fram.

> **Kirkjuráði er full alvara með að selja húsið en það verður auðvitað ekki gert nema ásættanleg tilboð berist frá traustum aðilum.**
>
> Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs




Í henni kemur fram að tekjur kirkjumálasjóðs hafi dregist verulega saman.

„Skýrar vísbendingar hafa komið fram um að markaðsverð eigna við þann hluta Laugavegar sem Kirkjuhúsið stendur við sé um þessar mundir allt að ein milljón króna fyrir hvern fermetra í verslunarrými og mjög hátt fyrir skrifstofuhúsnæði. Fjárbinding kirkjumálasjóðs í þessari eign sinni er því mjög mikil og full ástæða til að huga að því að losa um hana.

Binda frekar fé sjóðsins í eignum sem nýtast í kirkjulegu starfi en leysa þörf fyrir skrifstofurými biskupsembættisins og tengdra aðila með minni tilkostnaði,“ segir í greinargerðinni.

Þess má geta að allir kirkjuráðsmenn samþykktu að setja húsið á sölu nema forseti kirkjuráðs sem sat hjá. Forseti kirkjuráðs er Agnes Sigurðardóttir biskup. **– gar**




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS




Það er sama hvert tilefnið er, það verður alltaf meira spennandi með Volkswagen Polo.
Hann hefur þennan eiginleika að keyra þig áfram með hvað sem þér dettur í hug. Gefðu hugarfluginu lausan tauminn og hoppaðu upp í Polo. Ævintýrin bíða þín.

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI



www.bilaland.is


Rnr. 284132

PEUGEOT 208 Allure.
Nýskr. 03/16, ekinn 34 þ.km, bensín, beinskiptur.

VERÐ 2.690 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 283977

NISSAN Qashqai Acenta 4WD.
Nýskr. 06/15, ekinn 36 þ.km, dísil, beinskiptur.

VERÐ 3.890 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 370347

MAZDA Cx-5 Vision.
Nýskr. 09/14, ekinn 44 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

VERÐ 3.990 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 192291

LAND ROVER Discovery 4 S.
Nýskr. 06/15, ekinn 61 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 9.990 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 283872

HYUNDAI I30 Classic.
Nýskr. 04/15, ekinn 34 þ.km, bensín, beinskiptur.

VERÐ 2.460 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 121181

SKODA Citigo Active.
Nýskr. 05/13, ekinn 64 þ.km, bensín, beinskiptur.

VERÐ 1.250 þús. kr.

Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM79897


## Syrgðu fallna félaga



Tugir þúsunda Írana fylgdu slökkviliðsmönnum í Teheran, sem létust þegar 15 hæða hús hrundi fyrir tveimur vikum, til grafar. Gríðarlegur eldur gaus upp í Plasco byggingunni þar sem verslunarmiðstöð og saumastofur voru til húsa en byggingin hrundi skyndilega og fórust fjölmargir slökkviliðsmenn við björgunarstörf. NORDICPHOTOS/AFP

# Flugþróunarsjóður tekur stakkaskiptum

**Beint flug frá útlöndum til Akureyrar eða Egilsstaða er ekki lengur skilyrði fyrir styrkveitingu úr flugþróunarsjóði. Flug sem millilenda í Keflavík eða Reykjavík, er nú styrkhæf. Fjárhagslegir hvatar duga ekki einir sér, segir sérfræðingur.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Stjórnvöld hafa rýmkað reglur flugþróunarsjóðs svo að beint flug frá útlöndum til Akureyrar og Egilsstaða er ekki lengur skilyrði styrkveitingar. Nú verða einnig styrkhæf flug sem koma erlendis frá en eru með beinar tengingar við aðra flugvelli á Íslandi. Þannig geta flug sem millilenda á Keflavíkur- eða Reykjavíkurflugvelli, en halda síðan áfram til Akureyrarflugvallar eða Egilsstaðaflugvallar, fengið styrk.

Jón Karl Ólafsson, framkvæmdastjóri flugvallasviðs Isavia, sem jafnframt situr í stjórn sjóðsins, segir að tilgangurinn með breytingunni sé að styðja við það markmið sjóðsins að ná jafnari dreifingu ferðamanna um landið með uppbyggingu nýrra flugleiða til Íslands, en markmið sjóðsins er að koma á reglulegu millilandaflugi um alþjóðaflugvellina á Akureyri og Egilsstöðum.

„Það má segja að breytt fyrirkomulag sé mun líklegra til að ná upphaflegu markmiði sjóðsins, og leyfa tengingar við þá staði þar sem flugfarþegar hópast nú þegar. Hluti þess vanda sem kom upp, þegar talað var við flugfélögin, var að litlar upplýsingar eru til um eftirspurnina á þessum svæðum sem um er að ræða. Með þessu næst vonandi að afla þeirra upplýsinga,“ segir Jón Karl sem játar því að tilraunin um beint flug hafi gengið hægar en vonast var til. Hann bætir þó við að þrjár umsóknir hafi borist í fyrra og 10 milljónum var úthlutað úr sjóðnum vegna beins flugs frá London til Egilsstaða. Það verkefni varð endasleppt.

> Það má segja að breytt fyrirkomulag sé mun líklegra til að ná upphaflegu markmiði sjóðsins, og leyfa tengingar við þá staði þar sem flugfarþegar hópast nú þegar
>
> Jón Karl Ólafsson, framkvæmdastjóri flugvallasviðs Isavia



### 290 milljónir falla niður

- Árlega er flugþróunarsjóði lagt til 300 milljónir króna á ári.
- Verkefnið er hugsað til þriggja ára og því ætlað 900 milljónir að hámarki.
- Þessi upphæð flyst ekki sjálfkrafa á milli ára svo 290 milljónir af fjárframlagi síðasta árs nýtist ekki.

„Vonandi verður árangurinn þannig að verkefnið verði framlengt þegar þar að kemur, því það þarf eflaust lengri tíma,“ segir Jón Karl.

Edward H. Huijbens, prófessor við Háskólann á Akureyri, sem gjörþekkir málið, segist ekki vita til þess að flugfélög séu að fara að hefja áætlun eða flug á velli utan Keflavíkur í ár. Það sé staðan þrátt fyrir að búið sé að bjóða afslætti og aðra hvata. Hins vegar skuli litið til þess að sjóðurinn er nýr og ekki mikil reynsla komin á hann.

„Ég dreg bara fram þá áherslu sem ég geri alltaf, og hef gert í skýrslum sem annars staðar, að samhliða þessum hvötum þarf að verða til ferðavara, það er tilefni og tilgangur fyrir komu. Ef ein þota full af ferðamönnum myndi nú lenda á Akureyri, þá veit ég ekki alveg hvað við getum boðið þeim og þeir ættu líklega erfitt með að svara til hvers þeir komu – hvað þeir komu til að sjá eða upplifa. Þarna liggur vandinn. Þeir sem lenda í Keflavík vita vel hvað þeir vilja. En hvað er hér á Akureyri eða fyrir austan á Egilsstöðum. Við vitum það vel, en erlendir gestir hafa ekki skýra mynd af því,“ segir Edward. svavar@frettabladid.is

BIFREIÐASKOÐUN

# Ert þú ferðafær?

## Í vetrarveðri er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja




Myndin er tekin á Holtavörðuheiði
þann 22. des. kl. 20:00

GÓÐ ÞJÓNUSTA OG HAGSTÆÐ KJÖR Á SKOÐUNUM

BIFREIÐASKOÐUN 2017-18

## Örugg bifreiðaskoðun um allt land

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Söluskoðun

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Farskoðari

## Ástandsskoðun

Frumherji býður upp á ástandsskoðun sem þróuð hefur verið fyrir kaupendur og seljendur. Þessi skoðun tekur til fleiri þátta en venjuleg skylduskoðun, viðskiptavinir koma með bílinn til Frumherja þar sem ástand bifreiða er metið.

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum ökutækja sinnt, s.s. aðalskoðun, endurskoðun og breytingaskoðun. Sjá meira á www.frumherji.is




TILKYNNING

**EFTIRFARANDI SVIÐ FRUMHERJA FLYTJA STARFSEMI SÍNA Í JANÚAR/FEBRÚAR 2017 AÐ ÞARABAKKA 3, MJÓDDINNI**

ÞJÓNUSTUVER · ÖKUPRÓF · FASTEIGNA-SKOÐUN · SKIPASKOÐUN · GÆÐASTJÓRN-UNARKERFI · RAFMAGN-SKOÐANIR

FRÍTT WI-FI OG LJÚFFENGT GÆÐAKAFFI Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# Novo hræðist ekki Brexit



Danski lyfjarisinn Novo Nordisk stefnir að uppbyggingu í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**VIÐSKIPTI** Danski lyfjarisinn Novo Nordisk ætlar að fjárfesta í nýrri rannsóknarstöð við Oxford háskóla í Bretlandi fyrir 115 milljónir punda eða 16 milljarða króna. Novo sagði í tilkynningu í gær að fjárfestingin muni skila sér að fullu innan tíu ára og munu um 100 vísindamenn vinna að því að finna nýjar leiðir til að lækna sykursýki 2.

Ákvörðunin kemur sér vel fyrir Breta og fagnaði Theresa May, forsætisráðherra landsins, sem og David Gauke fjármálaráðherra ákvörðuninni enda hafa mörg fyrirtæki haldið að sér höndum í kjölfar ákvörðunar Breta um að fara út úr Evrópusambandinu. Megnið af vinnu Novo fer þó enn fram í Danmörku en lyfjarisinn hefur einbeitt sér að því að finna lækningu við sykursýki. – bb


MENNTAMÁLASTOFNUN
Víkurhvarfi 3 • 203 Kópavogi
postur@mms.is • www.mms.is
+(354) 514 7500

**Innritun fatlaðra nemenda á starfsbrautir í framhaldsskólum 2017**

Innritun fatlaðra nemenda, sem óska eftir skólavist á starfsbrautum framhaldsskóla, fer fram dagana 1. – 28. febrúar 2017.

Allar leiðbeiningar varðandi innritunarferlið er að finna í bréfi til nemenda og forráðamanna þeirra sem afhent verða í grunnskólum landsins. Bréfin og leiðbeiningar má einnig finna á menntagatt.is.

Listi yfir skóla sem bjóða upp á starfsbrautir er að finna á menntagatt.is, en upplýsingar um brautirnar sjálfar er að finna á vefsíðum viðkomandi framhaldsskóla og hjá forsvarsfólki brautanna.

Nánari upplýsingar um rafræna innritun á starfsbraut veitir Kristrún Birgisdóttir hjá Menntamálastofnun í síma 514 7500 eða í gegnum tölvupóstinn innritun@mms.is.









Lögreglumenn á vakt fyrir utan moskuna í Quebec í gær, daginn eftir að sex manns voru myrtir þar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hryðjuverk gegn múslimum í Kanada

**Tveir menn myrtu sex og særðu á annan tug í skotárás á mosku í Quebec í fyrrakvöld. Forsætisráðherra Kanada, Justin Trudeau, segir árásina vera hryðjuverk gegn múslimum. Í Bandaríkjunum hafa þrjár moskur brunnið á síðustu vikum.**

**KANADA** Sex manns á aldrinum 35 til 70 ára létu lífið og sautján til viðbótar særðust í skotárás á mosku í Quebec-borg í Kanada á sunnudagskvöldið. Fimm hinna særðu voru enn í lífshættu í gær.

Tveir árásarmenn eru í haldi lögreglu og heita þeir Alexandre Bissonette og Mohamed El Khadir. Kanadískir fjölmiðlar höfðu eftir óstaðfestum heimildum að þeir væru námsmenn við Laval-háskólann í Quebec, skammt frá moskunni.

„Tilefnið er af hugmyndafræðilegum, trúarlegum eða pólitískum toga,“ sagði Martin Plante, yfirmaður í kanadísku lögreglunni, við fjölmiðla í gær, og sagði málið rannsakað sem hryðjuverk.

Í fyrstu var talið að þriðji maðurinn hefði komist undan, en síðar sagðist lögreglan ekki lengur á þeirri skoðun. Lögreglan hugðist yfirheyra þá seint í gær.

Auk hinna látnu og særðu voru 39 manns í moskunni sem sluppu ómeiddir. Þeir hafa sumir tjáð sig við fjölmiðla og segja mennina hafa verið kaldrifjaða og greinilega kunnáttumenn í meðferð skotvopna.

> **Kanadískir múslimar eru mikilvægur hluti af þjóðarheildinni og þessi fólskuverk eiga ekki heima í samfélögum okkar, borgum og sveitum.**
>
> Justin Trudeau forsætisráðherra Kanada

Árásin var gerð stuttu fyrir klukkan átta að kvöldi að staðartíma. Um klukkan 7.55 tóku að berast símtöl frá moskunni til neyðarlínunnar.

Justin Trudeau forsætisráðherra segir árásina vera hryðjuverk gegn múslimum. Fjöldi fólks kom saman í kanadísku borgunum Quebec og Montreal í gær til að sýna samstöðu með þeim sem urðu fyrir árásinni.

„Við fordæmum þessa hryðjuverkaárás á múslima í þessum griðastað og trúarmiðstöð,“ sagði Trudeau í yfirlýsingu, sem hann sendi frá sér. „Kanadískir múslimar eru mikilvægur hluti af þjóðarheildinni og þessi fólskuverk eiga ekki heima í samfélögum okkar, borgum og sveitum.“

Í júní á síðasta ári var framinn hatursglæpur gegn moskunni þegar haus af svíni var skilinn eftir fyrir utan hana. Svínshausinn var vafinn inn í pappír og með fylgdi miði þar sem á stóð: „Bon appétit“ eða „verði ykkur að góðu“. Múslimar borða ekki svínakjöt af trúarlegum ástæðum.

Þá bárust einnig fréttir af því að í gær hafi moska í bænum Corpus Christi í Texas í Bandaríkjunum eyðilagst í eldi. Ekki var ljóst í gær hvað varð til þess að eldurinn kviknaði, en þetta var þriðja moskan í Bandaríkjunum sem skemmist í eldi á innan við mánuði. Ljóst þykir að um íkveikju hafi verið að ræða í að minnsta kosti einum þessara moskubruna.

gudsteinn@frettabladid.is

# Hlé á morðherferð gegn fíkniefnum

**FILIPPSEYJAR** Rodrigo Duterte, forseti Filippseyja, hefur ákveðið að stöðva tímabundið herferð lögreglunnar gegn fíkniefnum. Áður en haldið verður áfram þurfi að uppræta spillingu innan lögreglunnar.

Þessi ákvörðun var tekin eftir að hópur lögreglumanna rændi suðurkóreskum kaupsýslumanni og myrti hann á lögreglustöð. Þessi hópur lögreglumanna hefur tekið þátt í herferð forsetans gegn fíkniefnum, sem felst í því að elta uppi fíkniefnasala og fíkniefnaneytendur og taka þá af lífi án dóms og laga.

Frá því þessi herferð hófst í sumar hafa meira en sjö þúsund manns verið myrtir af lögreglunni.

Það var eitt helsta loforð Dutertes í kosningabaráttunni á síðasta ári að taka af fullri hörku á fíkniefnavandanum, með því hreinlega að láta lögregluna drepa fólk af miskunnarleysi. Þessari stefnu hafði hann áður fylgt sem borgarstjóri í Davao árum saman.

Duterte segir það óþægilegt að lögreglumennirnir hafi misnotað aðstöðu sína til að drepa kaupsýslumanninn frá Suður-Kóreu. Hins vegar ætli hann ótrauður að halda áfram herferðinni gegn fíkniefnum, strax og hreinsað hefur verið til í lögreglunni.



Rodrigo Duterte forseti ásamt Ronald dela Rosa lögreglustjóra á blaðamannafundi í Maníla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Við munum hreinsa til í okkar ranni,“ sagði Ronald dela Rosa lögreglustjóri við fjölmiðla í gær. „Eftir það getum við kannski haldið áfram stríði okkar gegn fíkniefnum.“ – gb

# DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA

# SINDRI

## HERSLUVÉL OG TOPPASETT

203 Nm
1/2" drif
Öflugir herslutoppar fylgja
tvær 4.0Ah rafhlöður

vnr 94DCF880M2SET

**56.900** m/vsk



## HÖGGBORVÉL SDS+ OG BORASETT

710 watta mótor
Borasett fylgir

vnr 94D25033K9700T

**25.807** m/vsk



TILBOÐ

## BORVÉL MEÐ HÖGGI OG BITASETT

Létt og þægileg tveggja gíra vél
með höggi.
Tvær 5Ah rafhlöður
Hertir bitar fylgja

vnr 94DCD796P2 OG 94DT70523TM

**63.836** m/vsk
Fullt verð 70.736



TILBOÐ

## GIPS SKRÚFVÉL

Kemur með magasín fyrir belti.
Á einni hleðslu er hægt að skrúfa allt
að 6,000 skrúfur.
Tvær 18V XR 2,0 Ah rafhlöður og
hleðslutæki fylgja.

vnr 94DCF620D2K

**56.900** m/vsk
Fullt verð 74.580



TILBOÐ

## HJÓLSÖG 1350W



1350 W mótor. Innri vörn
gefur betri sjónlínu á
skurðarlínuna.

vnr 94DWE560

**23.900** m/vsk
Fullt verð 34.561

## GEIRUNGSSÖG 216MM

Klassísk hönnun á bútsög hefur
verið uppfærð fyrir nútíma
notendur

vnr 94DWS774

**48.064** m/vsk
Gott verð



## LÍNULASER

2ja línulaser frá DeWALT er með
sjálfstillandi hallamál skekkjumörk
+/-0,3 mm/m

vnr 94DW088K

**28.900** m/vsk
Fullt verð 39.900



TILBOÐ

## HALLAMÁL 3 STK Í PAKKA

Vönduð Stanley FATMAX
hallamál þrjár stærðir.
Lengdir: 600, 1200 og 1800 mm

vnr 93XTHT0-43119T

**15.420** m/vsk
Gott verð



**www.sindri.is / sími 575 0000**
Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

# Náttúran minnir á sig



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Á Íslandi tökum við nálægðinni við náttúruna og allar þær lystisemdir sem hún hefur upp á að bjóða sem gefnum hlut. Við stundum útivist á víðavangi í æ ríkari mæli – hlaup, hjólreiðar, fjallgöngur og skíði.

Rannsóknir sýna að við erum ein feitasta þjóð í Evrópu. Með reglulegri hreyfingu getum við hvert og eitt dregið úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu. Sá hluti þjóðarinnar sem stundar heilbrigða lífshætti greiðir niður þjónustu fyrir hin sem heima sitja og berjast við aukakílóin eins og Don Kíkóti við vindmyllurnar.

Að búa í líflegri borg og geta á hálftíma skotist í skíðabrekkur í Bláfjöllum eða fjallgöngu í Esjunni er ómetanlegt. Sama á við í öðru þéttbýli. Akureyringar eiga heima við rætur skíðaparadísarinnar í Hlíðarfjalli með ósnortin skíðalönd Tröllaskaga innan seilingar. Ísfirðingar og grannar þeirra fyrir vestan hafa ægifagra náttúruna með óteljandi möguleikum til útivistar alltumlykjandi. Austfirðir eru engu líkir.

Ferðamennirnir, sem flykkjast hingað í æ stærri hópum eru vitnisburður um að umheimurinn hefur áttað sig á þessu. Þeir koma til að upplifa ósnortna náttúruna. Í hugum margra er Ísland land án fólks – enda ein strjálbýlasta byggð í víðri veröld.

En reglulega fáum við áminningar um að á fjöllum leynast hættur. Ferðafólk lendir í hremmingum þegar veður eru válynd. Nú síðast fórst ungur maður voveiflega í snjóflóði í Esjunni. Við þurfum að læra af þessum sorgarsögum. Öryggið þarf ávallt að setja á oddinn þegar farið er á fjöll.

Brýna þarf fyrir fólki að ferðast í hópum og hafa meðferðis búnað sem hæfir aðstæðum. Til að mynda snjóflóðabjörgunarbúnað; ýlur, skóflur og stangir þar sem snjóflóðahætta vofir yfir. Nauðsynlegt er að lesa vel í aðstæður þegar veður eru slæm og horfur óvissar.

Þar kemur að hinu opinbera. Eins og sakir standa er engin snjóflóðavakt á suðvesturhorninu. Er tími til kominn að taka það til endurskoðunar? Slíkt mat þarf stöðugt að vera í gangi.

Stjórnvöldum ber að sjá til þess að innviðir landsins beri átroðninginn. Að ferðamenn, heimafólk og útlendir gestir, geti farið um fjöll og firnindi eins öruggir og kostur er. Um leið og landið er verndað svo það glati ekki aðdráttarafli sínu þarf að sjá til þess að við getum notið þeirra gæða sem það býður. Ekki dugir að stóla einfaldlega á okkar frábæru björgunarsveitir.

Þrátt fyrir hætturnar mun fjallaferðum eftir öllum sólarmerkjum að dæma fjölga á næstu árum. Það er keppikefli í sjálfu sér. En okkur ber að taka áminningar náttúrunnar alvarlega.

**En okkur ber að taka áminningar náttúrunnar alvarlega.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Afstaða forseta**

**Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, bauð fimm sýrlenskum fjölskyldum á flótta á Bessastaði í gær til að taka á móti þeim. Upphaflega ætlaði forsetinn að taka á móti þeim á Keflavíkurflugvelli.**

**Í þessari breytingu á áætlun forseta felst ef til vill afstaða hans gagnvart umdeildri tilskipun kollega hans í Bandaríkjunum, Donalds Trump, um að loka landamærum fyrir borgurum sjö þjóða.**

**Gott er að sjá að forsetinn sem og ráðherrar og fleiri stjórnmálamenn standi vörð um vestræn gildi þegar áhrifamesta ríki heims yfirgefur þau.**

**Leysið deiluna**

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, gerði vel með því að útskýra fyrir aðilum að kjaradeilu sjómanna að ríkið ætli ekki að skerast í deiluna.**

**Sjö vikur hafa nú liðið frá því verkfall hófst en viðræðum var slitið fyrir viku. Ekki hefur verið boðað til fundar í deilunni og miðar henni lítið áfram.**

**Þótt verkfallið hafi áhrif á fjölda fólks sem stendur utan deilunnar ætti ríkið ekki að grípa inn í deilu einkaaðila. Sjómönnum og útgerðum ber siðferðisleg skylda til að koma aftur að samningaborðinu og semja, sama hversu erfitt það er.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Ungt fólk skilið eftir



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Aðstæður og tækifæri ungs fólks og þeirra sem ekki eiga húsnæði eru alltof þröng. Ef fólk er yfirhöfuð svo heppið að finna leiguíbúð er verðið oft of mikil fyrirstaða. Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu fer hækkandi, hefur hækkað um nærri 70% frá árinu 2011. Margir geta því hvorki keypt né leigt.

Ástandið á leigumarkaði hefur alvarlegar afleiðingar. Rannsóknir sýna að leigjendur eru mun líklegri til að eiga í fjárhagsvandræðum og börn leigjenda eru líklegri en önnur til að búa við fátækt og skort.

Svar síðustu ríkisstjórnar var svokölluð leiðrétting sem færði ríkasta fólki landsins tugi milljarða og keyrði upp fasteignaverð. Aðgerðin var svo illa heppnuð að skýrsla um hvernig til tókst var falin fyrir kosningar. Viðkvæmustu hóparnir voru skildir eftir og njóta ekki uppgangsins.

Fyrir tilstuðlan verkalýðshreyfingarinnar náðist mikilvægur árangur við gerð kjarasamninga árið 2015. Þá var samið um stofnstyrki til uppbyggingar á almennum leigumarkaði. Að byggðar yrðu 2.300 íbúðir fyrir árið 2019. Það er algjört lágmark að stjórnvöld tryggi að þær fyrirætlanir verði að veruleika.

Þó þarf að gera meira til að búa hér til heilbrigðan húsnæðismarkað. Samfylkingin hefur lengi talað fyrir og lagt fram mál um að útleiga einnar íbúðar til lengri tíma, í eigu einstaklinga verði skattfrjáls. Það er skilvirk leið til að auka framboð á leiguíbúðum, ná íbúðum aftur úr ferðamannaleigu og á almennan markað.

Samfylkingin talaði í aðdraganda kosninga fyrir því að fyrstu kaupendur og leigjendur gætu fengið vaxtabætur greiddar út fyrir fram, til 5 ára. Slíkt hefði tryggt fólki í sambúð þrjár milljónir í útborgun og komið því í öruggt húsnæði.

Þessar hugmyndir og tekju- og eignatengdur stuðningur til ungs fólk verða að komast á dagskrá íslenskra stjórnmála. Fátæktargildran sem ungt fólk á leigumarkaði festist í ef foreldrar geta ekki styrkt þau til húsnæðiskaupa er ein birtingarmynd aukinnar misskiptingar. Við henni þarf að bregðast. Því miður er ekkert minnst á þessar aðstæður ungs fólks í stjórnarsáttmálanum og orðið húsnæðismál kemur ekki einu sinni fyrir.

**Fátæktargildran sem ungt fólk á leigumarkaði festist í ef foreldrar geta ekki styrkt þau til húsnæðiskaupa er ein birtingarmynd aukinnar misskiptingar.**




FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Strákapör sögunnar



Pétur Gunnarsson
rithöfundur

**Lygnan reyndist svikalogn, undanfari djöfulgangs sem ekki sér fyrir endann á. Um þessar mundir er talið að eitt hundrað milljónir Asíu- og Afríkubúa séu að sýna á sér fararsnið upp til Evrópu ýmist á flótta undan styrjöldum eða búsifjum vegna manngerðra loftslagsbreytinga. Ef okkur væri sjálfrátt væri búið að breyta heiminum í allsherjar stjórnstöð almannavarna.**

Bragðvísi sögunnar“ er hugtak sem leikur stórt hlutverk í heimspeki Hegels og gerir honum fært að líta sögu mannkyns sem samfellda þróun til hins æskilegasta ástands. Í *Fyrirbærafræði andans* frá árinu 1807 kynnir hann til leiks Heimsandann sem er í raun lífið sjálft frá því að það kviknar, tekur á sig ótal myndir og form, stöðugt háþróaðri uns við stígum á svið, því við erum hluti af þessari alheimsveru og þau okkar sem skara fram úr verða gerendur hennar (Napóleon á dögum Hegels) og málpípur (Hegel sjálfur).

En á þessari þroskagöngu heimsandans er stundum eins og slái í bakseglin og rás viðburðanna taki öndverða stefnu við heillasporin (styrjaldir og plágur). Sem þegar frá líður kemur einatt í ljós að voru liður í að koma til leiðar hinni æskilegustu niðurstöðu, úthugsuð gabbhreyfing eða bragðvísi sögunnar.

Öldin tuttugasta átti eftir að setja gæsalappir á þessa bláeygu sýn. Hver óskapnaðurinn rak annan: heimsstyrjaldir, gúlög, gasofnar, Hírósímu ... Í stað þess að vera þunguð af fagnaðarerindi tók sagan á sig mynd martraðar. „Sagan er martröð sem ég er að reyna að vakna af“ segir Stefán Dedalus í *Ódisseifi* Joyce. Og Freud smíðaði hugtakið „dauðahvöt“ til að skýra sjálfseyðingaráráttu mannsskepnunnar, að dauðahvötin væri eftir allt saman sterkari en lífshvötin – þrá mannsins eftir að komast aftur í vökvaform.

Að vísu gekk kenning Hegels í skamma endurnýjun lífdaga á tíunda áratug síðustu aldar í verki bandaríska stjórnmálafræðingsins Francis Fukyama, *Endalokum sögunnar* (1992). Sovétríkin voru nýfallin saman og kapítalisminn stóð einn eftir á sviðinu, keppninni lokið og endanlegt jafnvægi virtist fundið undir samhentri forystu kínverska kommúnistaflokksins og Wall Street.



En eins og Halldór Laxness orðar svo ágætlega í viðtali við Örn Ólafsson, bókmenntafræðing, árið 1981: „Heimurinn er fljótur að skipta um grímu. Stundum fellur meira að segja allt í ljúfa löð sem snöggvast í veraldarsögunni – og þá er sjaldan von á góðu.“

Lygnan reyndist svikalogn, undanfari djöfulgangs sem ekki sér fyrir endann á. Um þessar mundir er talið að eitt hundrað milljónir Asíu- og Afríkubúa séu að sýna á sér fararsnið upp til Evrópu ýmist á flótta undan styrjöldum eða búsifjum vegna manngerðra loftslagsbreytinga. Ef okkur væri sjálfrátt væri búið að breyta heiminum í allsherjar stjórnstöð almannavarna. En því er aldeilis ekki að heilsa, á valdastól í voldugasta ríki veraldar er sestur fársjúkur einstaklingur sem ætlar að gefa orkusóðunum lausan tauminn og sendir heimsbyggðinni fingurinn með þeim hætti að kjarnorkuvofan, sem friðarhreyfingum tókst að svæfa á níunda áratug síðustu aldar, er komin á kreik á nýjan leik. Og í Evrópu gera þjóðflutningarnir nýju að verkum að afneitunarsinnaðir hægrimenn komast til valda á þjóðrembunni einni. Í Frakklandi er talið meira en hugsanlegt að forsetakosningar á vori komanda leiði til valda Marie Le Pen, en hún aðhyllist stefnu mjög í anda Donalds Trump. Sérstaka athygli vekur fylgispekt þeirra beggja við Pútín Rússlandsforseta sem raunar er talinn hafa átt þátt í kjöri Trumps og fjármagnar að hluta kosningabaráttu Le Pen. Næði hún kjöri hefði Pútín eignast volduga bandamenn beggja vegna Atlantsála sem aftur gæfi honum frjálsar hendur til að hefja sömu ásælni við Eystrasaltslöndin og Úkraínu. Upp úr því klórinu væri Evrópustyrjöld ekki fjarlægur möguleiki.

Af öllu þessu og fleiru sem rúmast ekki í lítilli blaðagrein má ljóst vera að við erum stödd á ískyggilegum stað. Nema þetta séu enn eina ferðina „klækjabrögð sögunnar“. Að ástandinu sé ætlað að knýja okkur til viðbragða. Og víst er að andmælaöldur eiga eftir að rísa austan hafs og vestan með allsherjarverkföllum, uppreisnum og Austurvöllum á færibandi. Því eins og segir í Hamlet, fyrsta þætti, senu fimm:

*„Úr liði er öldin! Ó, mig hryllir við þeim örlögum að kippa henni í lið.“*

# Ofbeldi er dauðans alvara



Freydís Jóna Freysteinsdóttir
dósent í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands



Halldóra Gunnarsdóttir
kynjafræðingur á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar

Kvenmorð (e. femicide) eiga sér stað um allan heim. Hugtakið er skilgreint með þeim hætti að rekja megi morðið til kynferðis, þ.e. kona er myrt vegna þess að hún er kona. Í vestrænum ríkjum er yfirleitt um að ræða morð í nánum samböndum en kvenmorð geta tekið á sig aðrar birtingarmyndir, dæmi um það eru kynferðisglæpir, svokölluð „heiðursmorð“, morð tengd heimanmundi, þvinguð sjálfsmorð og kerfisbundin eyðing kvenkynsfóstra. Hér í okkar fámenna landi deyr kona af völdum kynbundins ofbeldis u.þ.b. þriðja hvert ár.

Með því að nota hugtakið kvenmorð og greina það sérstaklega er ekki verið að gera lítið úr mannsmorðum heldur er verið að undirstrika að eðli eða forsaga þeirra er oft önnur en mannsmorða. Í sumum samfélögum þarf að breyta ríkjandi viðhorfum og í öðrum tilvikum hafa mörg viðvörunarflögg farið á loft áður en morðið er framið og því má færa fyrir því rök að hægt hefði verið að koma í veg fyrir það. Kvenmorð, eins og mannsmorð, valda fjölmörgum miklu sálartjóni, bæði fjölskyldu og vinum þess sem er myrt/myrtur og fjölskyldu og vinum þess sem myrðir.

En hvað er það sem einkennir kvenmorð? Þau geta vissulega átt sér stað í öllum stéttum samfélagsins óháð menntun. Hins vegar hafa rannsóknir sýnt að gerendur í slíkum málum eru líklegir til að hafa brotið af sér áður, vera með litla menntun, atvinnulausir, með persónuleikaröskun og eiga við áfengisvanda eða annan vímuefnavanda að stríða. Nokkuð er um að þeir séu mjög afbrýðisamir og afar stjórnsamir. Það að karlmaðurinn hafi beitt konuna líkamlegu ofbeldi áður, verið með hótanir um slíkt ofbeldi eða hafi beitt hana andlegu ofbeldi er besti forspárþátturinn um kvenmorð. Konur eru í sérstaklega mikilli hættu þegar þær yfirgefa maka sem hafa beitt þær ofbeldi. Í slíkum aðstæðum er félagslegur stuðningur gríðarlega mikilvægur þeim til að byggja upp líf sitt. Að setja á nálgunarbönn og gæta þess að þeim sé framfylgt er einnig afar mikilvægt fyrir öryggi kvenna í slíkum aðstæðum.

### Umfang vandans sé ljóst

Höfundar þessarar greinar eru meðlimir í evrópsku Cost verkefni um kvenmorð. Í því verkefni er verið að kanna tíðni þeirra, rýna hvort þau eru skráð og þá hvernig, hver áhrif menningar eru á kvenmorð og hver viðbrögð samfélagsins eru við þeim. Endanlegt markmið verkefnisins er að finna leiðir til að fyrirbyggja að kvenmorð eigi sér stað. Í því samhengi er mikilvægt að skoða hvaða leiðir virka og hvað ekki. Einnig er afar mikilvægt að skrásetja kvenmorð þannig að umfang vandans sé ljóst til að brugðist sé við honum. Á Íslandi er gögnum um kvenmorð ekki safnað sérstaklega og þær upplýsingar ekki að finna í útgefnum gögnum ríkislögreglustjóra. Það er mikilvægt að breyta þessu þannig að umfang vandans sé ljóst því þá er frekar við honum brugðist.

Um þessar mundir eru þátttakendur í Cost-verkefninu að vinna tillögur sem eru sniðnar að heilbrigðisstarfsfólki, lögreglu og stefnumótunaraðilum um það hvernig sé best að takast á við þetta. Er það von okkar að allir sem málið snertir geti tekið höndum saman við að uppræta þennan alvarlega vanda.




## Viltu fræðast um útflutning matvæla til Bandaríkjanna?

**Grand Hótel Reykjavík | föstudaginn 3. febrúar | kl. 13–15**

Íslandsstofa boðar til fundar í samstarfi við viðskiptafulltrúa Íslands í New York þar sem fjallað verður um útflutning matvæla til Bandaríkjanna, þróun og horfur, leiðir til að ná fótfestu á markaðinum og fleira. Sagt verður frá Fancy Food Show sem haldin verður 24.–27. júní nk. og er Íslandsstofa að kanna áhuga fyrirtækja á vettvangsferð til New York í tengslum við sýninguna.

**Björgvin Þór Björgvinsson, verkefnastjóri hjá Íslandsstofu**
Þróun útflutnings á matvælum til Bandaríkjanna.

**Guðný Káradóttir, forstöðumaður hjá Íslandsstofu**
Sýnileiki íslenskra matvæla á bandarískum vef- og samfélagssíðum.

**Eric Skae, forstjóri Rao's Specialty Foods**
Markaðsaðgengi og dreifileiðir í Bandaríkjunum með áherslu á matvæli, drykkjarvörur og fæðubótarefni.

**Hlynur Guðjónsson, viðskiptafulltrúi Íslands í New York**
Einkenni og þróun bandaríska sérvörumarkaðarins.

Fulltrúar fyrirtækja sem flytja út matvæli til Bandaríkjanna segja frá reynslu sinni.

Skráning og nánari upplýsingar á **www.islandsstofa.is**

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

SÍÐASTI SJENS HJÁ LIVERPOOL TIL BJARGA JANÚAR Liverpool tekur í kvöld á móti toppliði Chelsea í stórleik kvöldsins í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta en leikurinn verður sýndur beint á Stöð 2 Sport og hefst útsendingin klukkan 19.50. Liverpool hefur tapað þremur heimaleikjum í röð og aðeins unnið 1 af 8 leikjum í janúar. Þetta er því síðasti séns til að gera eitthvað gott. Chelsea nær 13 stiga forystu á Liverpool með sigri. Sex aðrir leikir fara fram í deildinni í kvöld og þeir eru eftirtaldir: Bournemouth-Crystal Palace, Arsenal-Watford, Burnley-Leicester, Middlesbrough-West Brom, Sunderland-Tottenham og Swansea-Southampton. Allir hefjast klukkan 19.45.



## Landsliðskona í knattspyrnu gengur um á hækjum



EM í Hollandi í hættu Landsliðskonan Hólmfríður Magnúsdóttir er ristarbrotin. „Ég vissi um leið og þetta small á laugardaginn að þetta var brot. Auðvitað hugsaði ég strax um EM þegar þetta gerðist. Ég fer í aðgerð á fimmtudaginn. Það þarf að skrúfa þetta,“ segir Fríða sem ætlar að klára þetta verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Byrjun á góðu ævintýri

**Landsliðsmiðvörðurinn Kári Árnason er genginn í raðir kýpverska liðsins Omonoia Nicosia frá Malmö í Svíþjóð. Kári átti gott tímabil með Malmö er liðið varð meistari í fyrra. Þrátt fyrir það var Malmö tilbúið að láta hann fara.**

**FÓTBOLTI** „Í rauninni ekki. Þetta gekk nokkuð hratt fyrir sig. Það voru önnur lið sem höfðu áhuga sem flækti málið dálítið. En á endanum held ég að ég hafi komist að réttri niðurstöðu og vonandi verður það raunin,“ sagði Kári Árnason um aðdraganda félagaskiptanna frá Malmö til Omonoia Nicosia á Kýpur.

Omonoia er stórt félag og það næstsigursælasta á Kýpur, á eftir APOEL. Omonoia hefur 20 sinnum orðið kýpverskur meistari, síðast árið 2010. Þá er liðið fastagestur í Evrópukeppnum. En hvað var það sem heillaði Kára við Omonoia?

„Þeir eru keppast við að komast í Evrópukeppnina og þetta er stærsta liðið á eyjunni. Svo þekki ég til þjálfara og leikmanna þarna og þeir eru allir mjög jákvæðir. Þessir þættir spiluðu inn í,“ sagði Kári. Hann lék með Íranum Cillian Sheridan hjá Plymouth Argyle og enska framherjanum Matt Derbyshire hjá Rotherham United en þeim er vel til vina.

Stuðningsmenn Newcastle United kannast eflaust vel við þjálfara Omonoia en hann stýrði Newcastle með litlum árangri seinni hluta tímabilsins 2014-15. Það er ekki eina Newcastle-tengingin því íþróttastjóri Omonoia er Nikos Dabizas sem lék með enska liðinu á árunum 1998-2003.

Omonoia er í 5. sæti kýpversku deildarinnar þegar fimm umferðum er ólokið. Eftir það tekur við úrslitakeppni liðanna í 1.-6. sæti um meistaratitilinn. Þar leika liðin heima og að heiman, alls tíu leiki.

„Þeir eru í toppbaráttunni. Fyrsta sætið er svolítið í burtu en það er ekki langt í 2. sætið [sex stig]. Það er ekki neitt neitt. Það er stefnt á umspil. Svo eru þeir í bikarnum, þannig að þetta er kapphlaup að Evrópusæti,“ sagði Kári um möguleika Omonoia.

Kári átti góðu gengi að fagna þau tæpu tvö ár sem hann var í herbúðum Malmö. Hann lék með liðinu í Meistaradeild Evrópu og varð sænskur meistari með því í fyrra. Kári lék 24 af 30 leikjum Malmö í sænsku deildinni í fyrra og var fyrirliði í nokkrum þeirra. Samt var Malmö tilbúið að selja hann.

„Það kom bara upp ákveðið mál í Malmö og það var ákveðið að fara í sitt hvora áttina,“ sagði Kári sem vildi ekki tjá sig nánar um hvað þetta „ákveðna mál“ snerist.

„Þetta er mjög skrítinn heimur og erfitt að útskýra þetta. Stundum skil ég þetta ekki sjálfur þótt ég sé í miðjunni á þessu. Í þessu tilviki skildi ég alveg ekki hvað var að eiga sér stað. Þetta varð útkoman. Skjótt skipast veður í lofti. Það á mjög vel við fótboltann og heiminn í kringum hann,“ sagði Kári sem er ætlað að styrkja varnarleik Omonoia sem hefur ekki verið nógu sterkur í vetur.

Kári hefur átt fast sæti í íslenska landsliðinu undanfarin ár og átt stóran þátt í velgengni þess. En telur hann að þessi breyting, að færa sig um set til Kýpur, hafi áhrif á stöðu hans í landsliðinu?

„Ég vona ekki. Það er bara Heimir [Hallgrímsson] sem ákveður það. Ég vil spila áfram og tel mig hafa spilað ágætlega í síðustu leikjum. Það er minn metnaður að spila áfram með landsliðinu og hjálpa liðinu að komast á HM. Það er mitt markmið,“ sagði Kári sem hefur leikið 58 landsleiki og skorað þrjú mörk.

Að sögn Kára eru allar aðstæður hjá Omonoia í góðu lagi og hann hlakkar til lífsins á Kýpur.

„Ég er búinn að skoða klúbbinn. Aðstæður eru mjög fínar og það er ekki hægt að kvarta yfir neinu. Veðrið hérna er mjög gott, lífsgæðin eru mikil og það er frekar ódýrt að búa hérna. Ég held að þetta sé byrjunin á góðu ævintýri og skemmtilegum hluta af lífi mínu,“ sagði Kári að lokum. **ingvithor@365.is**



**Kári Árnason var búinn að spila með Malmö frá því í júní 2015.**

ERTU MEÐ KVEF EÐA FLENSUEINKENNI?

MARINE PHYTOPLANKTON Sjávarþörungur

HAWAIIAN NONI

Frábær tvenna
Fyrirbyggjandi við kvefi og flensu




Bætt heilsa og betri líðan með
Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni

Ofurfæða úr hafinu
Orka – Einbeiting – Úthald

Veikindabani
Styrkir ónæmiskerfið

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engihjalla.

BALSAM
www.balsam.is




www.nordanfiskur.is | 430-1700 | pantanir@nordanfiskur.is




Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki

# KÓLESTERÓLIÐ LÆKKAÐI OG ÉG GAT MINNKAÐ SYKURSÝKISLYFIN

**Artasan kynnir** Organic Beetroot frá Natures Aid er lífræn þurrkuð rauðrófa í hylkjum. Rauðrófan telst til ofurfæðis en hún er mjög rík af andoxunarefnum og talin 100% náttúrulegt bætiefni. Hún er talin auka blóðflæðið og getur þannig stuðlað að betri líðan og betri heilsu. Útgerðarmaðurinn Jóhannes S. Ólafsson hefur góða reynslu af notun hylkjanna.

### ÁHRIF Á HJARTA- OG ÆÐAKERFIÐ

Hollusta rauðrófunnar hefur lengi verið þekkt og hafa rannsóknir á rauðrófu sýnt að hún er æðavíkkandi. Aukið blóðflæði hefur góð áhrif á hjarta- og æðakerfi líkamans, lækkar blóðþrýsting, eykur snerpu, orku og úthald. Fjöldi íþróttafólks nýtir sér kosti rauðrófunnar en betra blóðflæði þýðir jú aukin orka og úthald.

### MINNKAÐI LYFIN VIÐ SYKURSÝKI II UM HELMING

Jóhannes S. Ólafsson, útgerðarmaður og skipstjóri frá Akranesi, fékk hjartaáfall árið 2007. „Í kjölfarið greindist ég með sykursýki II og fékk lyf við því. Samhliða rauk kólesterólið hjá mér upp úr öllu valdi. Í maí 2015 sagði kunningi minn mér frá Beetroot rauðrófuhylkjunum frá Natures Aid sem hann var að taka, en ástæða þess að sá fór að taka inn rauðrófuhylkin var góð reynsla vinar hans sem hefur verið að glíma við sykursýki II. Þess vegna benti hann mér á að skoða þau og prófa."

Jóhannes hefur tekið rauðrófuhylkin inn daglega síðan í maí 2015. „Ég tek eitt á morgnana og eitt á kvöldin. Ég fann strax að þetta gerði mér gott enda kom í ljós eftir læknisheimsókn síðar um haustið að kólesterólið hafði snarlækkað og var komið niður í tvo og ég var látinn minnka sykursýkislyfin um allt að helming. Ég er mjög ánægður með rauðrófuhylkin frá Natures Aid og mæli heilshugar með þeim. Við hjónin bæði tökum þau daglega, við finnum mikinn mun og okkur finnst þau gera okkur mjög gott.“

### LÍFRÆNU RAUÐRÓFUHYLKIN ERU FYRIR

Þá sem þjást af hand- og fótkulda.
Allt íþróttafólk sem vill ná betri árangri, auka orku, úthald og snerpu.
Alla þá sem eru að glíma við blóðþrýstingsvandamál, of hátt kólesteról, hjarta-, æða- og taugasjúkdóma, ristilvandamál o.fl.
Alla sem vilja bæta kynlífið en þar skiptir gott blóðflæði miklu.

### GOTT GEGN HAND- OG FÓTKULDA

„Lífrænu rauðrófuhylkin frá Natures Aid eru 100% náttúrulegt bætiefni og góð fyrir alla sem vilja viðhalda góðri heilsu. Það er mikill hægðarauki fyrir marga að geta tekið inn rauðrófuhylki því ekki eru allir jafn hrifnir af bragðinu af rauðrófunni eða rauðrófusafanum. Viðtökur íslendinga hafa verið ótrúlega góðar og það eru margir sem kaupa þessa vöru aftur og aftur vegna þeirra áhrifa sem þeir finna. Margir tala um að hand- og fótkuldi minnki til muna og að úthald við íþróttaiðkun aukist. Það er einnig algengt að blóðþrýstingur lækki,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

**Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana.**



Jóhannes hefur tekið Beetroot daglega síðan í maí 2015.

> Í samráði við lækninn minn hef ég minnkað lyfin við sykursýki II um helming eftir að ég byrjaði að taka inn rauðrófuhylkin frá Natures Aid.

> Í kjölfar hjartaáfalls rauk kólesterólið hjá mér upp úr öllu valdi. Rauðrófuhylkin hjálpuðu mér að ná því niður í eðlilegt horf á örfáum mánuðum.






**Beetroot hylkin eru góð fyrir alla sem vilja viðhalda góðri heilsu.**





Rjómalöguð súpa skreytt með sýrðum rjóma og graslauk.

## FLAUELSMJÚK SVEPPASÚPA

**4 msk. ólífuolía**
**4 msk. smjör**
**900 g cremini-sveppir, saxaðir gróft**
**1 lúka af shiitake-sveppum söxuðum**
**¾ bolli smátt saxaður shallot-laukur**
**3 hvítlauksgeirar marðir**
**1 tsk. koshersalt**
**¾ tsk. þurrkað tarragon**
**4 bollar kjúklingasoð**
**½ bolli rjómi**
**½ tsk. svartur pipar mulinn**

Svitið sveppina í ólífuolíu í potti yfir miðlungshita og skellið smjörinu út í þegar olían er orðin heit.

Veltið sveppunum upp úr olíunni og smjörinu og eldið þar til mesta vatnið er farið úr þeim eða í um 10 mínútur. Takið þá einn bolla af sveppunum frá.Bætið shallot-lauk út í pottinn og hvítlauk og hrærið saman við sveppina. Látið malla í eina mínútu. Bætið þá salti, tarragoni og kjúklingasoði út í pottinn. Hækkið hitann og látið suðuna koma upp. Látið malla í um 10 mínútur og takið þá af hellunni. Notið töfrasprota eða blandara og maukið súpuna þar til allt er orðið mjúkt. Bætið þá rjómanum út í súpuna og sveppunum sem teknir voru frá í upphafi.
**www.simplyrecipes.com**




# FINNST SKEMMTILEGAST AÐ PRÓFA NÝJAR ÆFINGAR

Lykillinn að góðu mataræði Ingibjargar Magnúsdóttur, þjálfara hjá FitSuccess, er fjölbreytni og skipulagning. Hún telur sig vera heppna að vera heilbrigð og er þakklát fyrir að geta farið á æfingar og tekið á því.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Ingibjörg Magnúsdóttir, mannfræðingur og þjálfari hjá FitSuccess, segir aðspurð um hvað heilbrigði snúist, að henni finnist mikilvægt að geta gert allt sem hún vill og að það sé ekkert sem hamli henni frá því. „Það er að segja að þegar við erum það heppin að eiga heilbrigðan líkama þá getum við gert svo mikið og eigum á sama tíma að vera þakklát fyrir það að geta hreyft okkur og farið á æfingar til að taka á því. Einnig tel ég heilbrigðan líkama og sál haldast fast í hendur.“

Ingibjörg var í fimleikum þegar hún var yngri en hún færði sig yfir í lyftingasalinn eftir að hún slasaðist. „Ég hef æft heilsurækt núna í um tíu ár eða svo en hef þó lyft markvisst í rúm fjögur ár. Ég keppti á mínu fyrsta fitnessmóti í nóvember í fyrra og lenti þar í öðru sæti. Ásamt því að undirbúa mig fyrir mótið þá var ég í 100% vinnu og 140% meistaranámi og vil meina að það hafi verið mín sönnun fyrir því að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi,“ segir hún og brosir.

Ingibjörg gefur lesendum góð heilsuráð auk þess að svara nokkrum spurningum um eigin heilsurækt.

**Hvað færðu þér í morgunmat?**
Morgunmaturinn hjá mér er mjög fjölbreyttur. Best er að hafa morgunmatinn úr kolvetnum, próteini og góðri fitu. Þá er sniðugt að fá sér hafragraut með smá próteini, getur verið úr eggi eða próteindufti ásamt smá hnetusmjöri. Það er líka mjög vinsælt að fá sér heilkornabrauð dýft í eggjahvítur með smá hnetusmjöri smurðu ofan á, en þessa vikuna hef ég verið að fá mér hýðishrísgrjóna pönnuköku sem er hugmynd sem ég fékk þegar ég var að prófa mig áfram í eldhúsinu.

**Uppáhaldsæfingin þín?** Þær eru svo margar sem eru í uppáhaldi en það sem mér finnst þó allra skemmtilegast er að prófa nýjar æfingar til að fara út fyrir þægindarammann, það eru nefnilega þær æfingar sem koma svo skemmtilega á óvart. Ég hef undanfarið verið að leyfa Imadi, eiginmanni mínum, að stjórna æfingunum og er að prófa mikið af nýjum hlutum.

**Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat?** Það sama gildir með kvöldmatinn eins og morgunmatinn, fjölbreytni er lykillinn og það er mjög mismunandi hvað ég fæ mér. Ég elda alltaf fyrir þrjá daga fram í tímann og er búin að ákveða matseðil vikunnar viku fyrirfram. Það fyrirkomulag finnst mér henta mjög vel og ég er með opinn snapchat-reikning undir nafninu: ingibjorgmagg ef fólk hefur áhuga á að fylgjast með til að fá hugmyndir að mat.




Ingibjörg er þjálfari hjá FitSuccess en þjálfunarkerfi FitSuccess var nýlega tilnefnt til íslensku vefverðlaunanna 2016 í flokknum vefkerfi ársins. „Það er mikill heiður fyrir okkur að fá þá viðurkenningu og gaman að sjá hvernig fyrirtækið blómstrar ár eftir ár.“ MYND/KRISTBJÖRG SIGURJÓNSDÓTTIR

> „Eitt besta ráð sem ég get gefið er að það eru ekki til skyndilausnir eða styttri leiðir að árangri.
>
> Ingibjörg Magnúsdóttir

**Hvað finnst þér gott að fá þér í millimál?** Það er í miklu uppáhaldi að fá sér epli og möndlusmjör eða skyr með chia-fræjum sem búin eru að liggja í bleyti yfir nóttu.

**Hvað færðu þér þegar þú ætlar að gera vel við þig?** Þá bið ég Imad, manninn minn, að elda fyrir mig, það skiptir ekki máli hvað hann eldar, það er alltaf gott. Ég bið hann þá líka að koma mér á óvart og það skiptir engu máli hversu mikið eða lítið er til í ísskápnum, hann getur alltaf töfrað fram dýrindis máltíð.

**Hvernig er dæmigerð helgi hjá þér?** Við hjónin eyðum eins miklum tíma saman um helgar og við getum. Það er oft ansi mikið að gera á virkum dögum og því dýrmætur tími sem maður fær með betri helmingnum. Þá sef ég líka oft út, stilli enga vekjaraklukku og okkur finnst fátt skemmtilegra en að fara út að borða eða kíkja í bíó. Herkúles, hundurinn okkar, fær líka alltaf extra langar gönguferðir um helgar en það er gott að komast aðeins úr rútínu um helgar því of mikil rútína er ekki góð heldur.

**Lumar þú á einhverjum góðum heilsuráðum?** Eitt besta ráð sem ég get gefið er að það eru ekki til skyndilausnir eða styttri leiðir að árangri. Allt sem lofar skjótum árangri gefur skammtíma árangur sem fer jafn fljótt og hann kom. Ef þig vantar þekkingu eða ráð, þá er gott að leita til aðila sem hafa reynslu á því sviði til að fá þá aðstoð sem þig vantar. Regluleg hreyfing og hollt mataræði er það sem skilar góðri heilsu og árangri, svo einfalt er það.

**Hvað er helst að frétta?**
Þjálfunarkerfið okkar hjá FitSuccess var nýlega tilnefnt til íslensku vefverðlaunanna 2016 í flokknum vefkerfi ársins, en það er mikill heiður fyrir okkur að fá þá viðurkenningu og gaman að sjá hvernig fyrirtækið blómstrar ár eftir ár. Við erum alltaf með mörg járn í eldinum og mikið af verkefnum fram undan bæði í vinnunni sem og einkalífi. Mæli með að fylgjast með á samfélagsmiðlum okkar.


LIVE IN Levi's
ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR –
- BUXUR kr. 4.000
- BOLIR kr. 1.500
- SKYRTUR kr. 3.000
- PEYSUR kr. 3.000
- JAKKAR kr. 10.000
Útsalan er til 6. febrúar.
Levi´s Kringlunni - Levi´s Smáralind - Levi´s Glerártorgi

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR
Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is

L-Mesitran

Náttúruleg sáragræðsla með hunangi

Nánari upplýsingar fást á **www.wh.is.**




L-Mesitran®

Vörurnar fást í Lyf og heilsu, Lyfjaveri, Apótekaranum, Hraunbergsapóteki, Lyfsalanum Glæsibæ, Akureyrarapóteki, Apóteki Mos og Apóteki Ólafsvíkur.

Álgluggar og hurðir



CE - merkt framleiðsla

- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

**Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga**

IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli

Þorrablót
Árshátíðir
Grímuböll
Dimmisjón
ofl. & ofl.

Ykkar skemmtun....
....okkar fókus

Hókus Pókus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955






**Þorskur með grænmeti eða ávöxtum er mikið ljúfmeti.**

# HOLLUSTA Á EINFALDAN HÁTT

Langar þig að bjóða gestum eða fjölskyldunni í heilsusamlegan kvöldmat. Fiskur er herramannsmatur, léttur í maga og þægilegt að elda. Ef meira stendur til er hægt að bjóða upp á kalkúnabringu.

Þorskur sem er bakaður í álpappír með grænmeti er sannkallaður veislumatur. Að auki er þetta hollur og góður réttur. Það tekur hvorki langan tíma að útbúa þennan rétt né að elda hann. Uppskriftin er fyrir fjóra.

**800 g þorskflak, 200 g bitar á mann**
**1 rauðlaukur**
**1 laukur**
**2 rauðar paprikur**
**2 gular paprikur**
**¼ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**
**3 msk. smjör**
**2 msk. fínt saxað timían**

Skerið lauk og papriku niður í grófa bita. Skiptið niður á fjórar arkir af álpappír. Setjið salt og pipar yfir. Notð gjarnan fleiri tegundir af grænmeti eftir smekk eða sem til er í ísskápnum.

Leggið 200 g þorskbita ofan á grænmetið í hverjum pakka. Bragðbætið fiskinn með salti og pipar ásamt smjörklípu og timían. Lokið pakkanum og setjið á heitt grill í 6 mínútur eða í um það bil 8 mínútur í 200°C heitum ofni.

Farið varlega þegar álpakkarnir eru opnaðir. Berið fram með soðnum kartöflum.

## KALKÚNABRINGA MEÐ SÍTRÓNUSMJÖRI

Þetta er mjög góð og þægileg uppskrift sem dugar fyrir 8 manns. Svo er alltaf hægt að nýta afganga í ýmsa rétti.

**1 kalkúnabringa með skinni, um það bil 1.500 g**
**150 g mjúkt smjör**
**Rifinn börkur af einni appelsínu**
**Rifinn börkur af einni sítrónu**
**2 msk. fínt skornar kryddjurtir eins og estragon, dill, steinselja eða salvía**
**2 hvítlauksrif**
**Salt og pipar**

Þurrkið kalkúnabringuna með eldhúspappír. Leggið í eldfasta skál.

Blandið saman smjöri, appelsínu- og sítrónusafa, kryddjurtum og salti og pipar.



**Kalkúnabringa er hollur matur sem hentar vel á köldum vetrardögum.**

Smyrjið kalkúninn með smjörinu og setjið vænan skammt undir skinnið. Einnig má útbúa vasa í kjötið og troða smjöri þar. Bragðbætið með salti og pipar.

Stillið ofninn á 180°C. Setjið kalkúnabringuna inn í ofninn og bakið í 20 mínútur, lækkið þá hitann í 125°C og eldið bringuna þar til kjöthitamælir sýnir 65°C.

Takið þá formið út og látið kjötið hvíla í að minnsta kosti 15 mínútur.

Með kalkúnabringunni er gott að hafa kartöflur, til dæmis bakaðar með hvítlauk. Einnig má hafa mangó-salsa eða mangó- og vatnsmelónu-salsa. Í því síðarnefnda er bætt við vatnsmelónubitum en allt eins að öðru leyti. Þá má nefna að vatnsmelóna og fetaostur passa einstaklega vel saman.

## MANGÓ-SALSA

**1 vel þroskaður mangó, skorinn í bita**
**1 rauðlaukur, smátt skorinn**
**1 rauður chili-pipar**
**½ búnt ferskt kóríander, smátt skorið**
**1 msk. ólífuolía**
**Salt og pipar**
**Safi úr 1 límónu**

**Allt sett í skál og hrært saman.**

Ef ekki er áhugi á mangó-salsa er vel hægt að hafa lárperusalat með kalkúnabringunni eða fiskinum.



**Mangó-salsa passar bæði með kjöti og fiski.**

**Lárperusalat**
**2 msk. majónes**
**1 dós sýrður rjómi**
**2 msk. sítrónusafi**
**Salt og pipar**
**2 tómatar, afhýddir og skornir smátt**
**2 þroskaðar lárperur, í bitum**
**1 rauður chili-pipar, smátt skorinn**
**3 msk. ferskt kóríander, smátt skorið**

Hrærið saman majónes, sýrðum rjóma og sinnepi. Bragðbætið með sítrónusafa, salti og pipar. Hrærið tómat, lárperu, chili og kóríander saman við.

Þetta salat er gott með kjöti og fiski eða bara ofan á brauð.

# Vörubílar og vinnuvélar

31. janúar 2017

**KYNNINGARBLAÐ** Hrauntak | Klettur | Kraftvélar | Brimborg | N1 | Askja | Wendel | Vélafl | Armar | Aflvélar

## Viðskipti sem byggja á trausti

Hrauntak ehf. hefur í mörg ár annast innflutning á notuðum og nýjum vinnuvélum, dráttarbílum, vörubílum og ýmiss konar tækjum og varahlutum. Fyrirtækið er m.a. umboðsaðili fyrir Schmitz malarvagna en Schmitz er eitt stærsta fyrirtækið í heiminum í framleiðslu malarvagna og hefur þróað nýjungar sem stöðugt eru að koma fram. Hrauntak á stóran hóp tryggra viðskiptavina hér á landi.

Flestir í vinnuvéla- og verktakabransanum þekkja fyrirtækið Hrauntak ehf. sem undanfarin ár hefur annast innflutning á notuðum og nýjum vinnuvélum, dráttarbílum, vörubílum og ýmiss konar tækjum og varahlutum.

Eigandi Hrauntaks er Sigurður Kr. Sigurðsson en hann hefur verið viðloðandi sölu á ýmsum tækjum síðastliðin 20 ár. Hann segir þessa tvo áratugi hafa verið eftirminnilega og einkennst af miklum sveiflum. Síðustu árin hafi salan þó verið verið jöfn og stigvaxandi sem er alltaf best. „Sem betur fer er umhverfið á Íslandi að batna í sölu á vinnuvélum, stærri bílum og tækjum en það er þó mismunandi eftir greinum.“

Á mörgum árum hefur Hrauntak byggt upp viðskiptasambönd við erlend fyrirtæki og seljendur sem byggist á gagnkvæmu trausti sem er mikils virði að sögn Sigurðar. „En það sem skiptir mestu máli og er ánægjulegast er að við erum að annast innkaup og innflutning fyrir stóran hóp tryggra viðskiptavina á Íslandi sem koma aftur og aftur. Það gerir daglegt starf svo skemmtilegt. Viðskiptavinir okkar eru oftar en ekki kraftmiklir, stórskemmtilegir og duglegir framkvæmdamenn sem liggja ekki á skoðunum sínum. Þeir hafa mjög ákveðnar skoðanir á vörumerkjum og búnaði þeirra tækja sem þeir vilja kaupa.“



Sigurður Kr. Sigurðsson (t.v.) er framkvæmdastjóri Hrauntaks. Með honum er Ellert Alexandersson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Hraun og sandur ehf., sem er einn af mörgum ánægðum viðskiptavinum Hrauntaks. MYND/EYÞÓR



Schmitz býður uppá mismunandi útfærslur á lokun að aftan, bæði með vör og sléttri lokun.

> **Viðskipavinir okkar eru oftar en ekki kraftmiklir, stórskemmtilegir og duglegir framkvæmdamenn sem liggja ekki á skoðunum sínum.**
>
> *Sigurður Kr. Sigurðsson*

### Traustir vagnar

Hrauntak er umboðsaðili fyrir Schmitz malarvagna en Schmitz er eitt stærsta fyrirtækið í heiminum í framleiðslu malarvagna og hefur þróað nýjungar sem stöðugt eru að koma fram. Á Íslandi eru í notkun fjöldi Schmitz malarvagna og reynslan af þeim vögnum er mjög góð segir Sigurður. „Nú á næstu vikum eru að koma til landsins fyrstu Schmitz malbiksflutningavagnarnir sem eru sérstaklega einangraðir og með yfirbreiðslu til þess að halda malbikinu eins heitu og mögulegt er þar til það kemur á áfangastað. Vagnarnir eru vel útbúnir á Durabrite álfelgum til þess að létta þá, þriggja öxla á einföldu með lyftingu á tveimur öxlum og yfirbreiðslu með fjarstýringu sem hönnuð er til malbiksflutninga. Þá eru sérstök op á báðum hliðum skúffunnar þar sem auðvelt er að að fylgjast með hita malbiksins.“



Tvö op eru á sitt hvorri hlið malbiksvagnanna þar sem hægt er að mæla og fylgjast með hitanum í malbikinu.

Einn af traustustu viðskiptavinum Hrauntaks er fyrirtækið Hraun og sandur ehf. Fyrirtækið er með í notkun tíu Schmitz malarvagna sem allir hafa verið afhentir nýir til þeirra á undanförnum árum en fyrirtækið er að fá tvo nýja vagna í flotann í næsta mánuði. Ellert Alexandersson sem er framkvæmdastjóri fyrirtækisins er afar ánægður með Schmitz vagnana. „Ég hafði mjög ákveðnar skoðanir á uppsetningu vagnana, stærð og gerð þeirra með hámarksnýtinu í huga og að vigtun á vögnunum væri sem best og hagstæðust. Þá eru vagnarnir klæddir að innan með sérstöku OKULEN plastklæðningu sem lengir endingu og minnkar slit á skúffu. Það skiptir miklu máli fyrir fyrirtæki okkar að að vagnarnir okkar henti vel verkefnum okkar og bílum en þessir vagnar eru í stöðugri notkun allan ársins hring. Reynsla okkar af Schmitz vögnum er því einstaklega góð.“

**Nánari upplýsingar má finna á www.hrauntak.is.**



# Ætti að selja inn á malbikunarvélar

**Sváfnir Sigurðarson** gaf út sína fyrstu sólóplötu um miðjan desember á síðasta ári. Hún ber nafnið Loforð um nýjan dag og var valin plata vikunnar á Rás 2 í upphafi árs. Á plötunni er að finna lagið Malbiksvísur sem fjallar um frelsistilfinninguna sem höfundur upplifði í malbikunarvinnu á yngri árum. Svo virðist sem margir tengi við lagið en það hefur átt sæti á vinsældarlista Rásar 2 síðustu fjórar vikur.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Áramótin 2015/2016 strengdi Sváfnir Sigurðarson þess heit að að gefa út sólóplötu áður en árið rynni sitt skeið. Það hafðist en hún kom út um miðjan desember á síðasta ári. Sváfnir hefur fengist við að syngja og semja um langt skeið en á plötunni er eingöngu að finna lög sem hann samdi á síðasta ári. „Ég var ekkert að fara í hvelfinguna sem ég á eins og Prince heldur var allt samið í fyrra. Þetta er því ágætis vitnisburður um árið.“ Eitt lagið á plötunni heitir Malbiksvísur. Það vakti eftirtekt hlustenda en í texta sem fylgir laginu segir: „Líklega eina íslenska popplagið sem fjallar af raunsæi um þrá mannsins til að leggja malbik og þá altumlykjandi frelsistilfinningu sem hríslast um 19 ára pilt sem stendur á fallegum sumardegi uppi á malbikunarvél og horfir á sköpunarverk sitt líðast kolsvart og rjúkandi út í daginn.“




Sváfnir steig upp úr skrifstofustólnum og tók einn dag í malbiksvinnu fyrir nokkrum árum. „Ég datt strax í gamla gírinn.“ MYND/EYÞÓR

## Óvenjulegt yrkisefni

En af hverju skyldi einmitt það lag hafa fengið slíkan byr? „Við veðjuðum svolítið á það í upphafi enda kannski um óvenjulegt yrkisefni að ræða. Það hefur reyndar verið sungið um fisk og fiskvinnslu og allir þekkja Hrognin eru að koma og Ísbjarnarblús með Bubba. En hvers vegna stígur ekki reiður smiður eða úrillur verkfræðingur fram og semur lag? Hvar eru iðnaðarmenn þessa lands,“ spyr Sváfnir og skellir upp úr.




Sváfnir hefur áður komið að útgáfu tveggja platna. Önnur var með Mönnum ársins 2008, hin með hljómsveitinni Kol 1994. „Þá var mér svo mikið í mun að vera alvarlegur listamaður að það var ekkert rúm fyrir eitthvað sem heitið gæti húmor eða kímni. Ég hef hins vegar náð að hrista það af mér á þessum tuttugu og eitthvað árum sem liðin eru,“ segir Sváfnir, en Malbiksvísurnar eru óneitanlega uppfullar af kímni í bland við heillandi æskuljóma og fortíðarþrá.

Eins og kemur fram í laginu fann Sváfnir frelsið uppi á malbikunarvél. Með vind í hárinu á miðjum Víðimel hefur honum aldrei, ef marka má textann, liðið jafn vel. Honum bregður svo fyrir á kontórnum mörgum árum síðar. Hann hugsar til malbiksáranna, fyllist fortíðarþrá og rýkur út til að malbika. En var þetta í alvöru svona dásamlegt?

„Já þetta var skemmtilegur tími. Við vorum í þessu frændur og bræður nokkur sumur. Þetta tók á og þurfti að gerast hratt. Maður fann virkilega til sín og mér fannst þetta merkilegt starf. Það er líka ólýsanleg tilfinning að standa uppi á malbikunarvél á fallegum sumardegi og horfa á listaverkið sem maður er búinn að leggja taka á sig mynd og verða að þessum fallega sorta. Að mínu mati ættu allir að hafa tækifæri til að prófa. Það ætti hreinlega að selja inn á malbikunarvélar á sumrin,“ segir hann og hlær. En gætir þú raunverulega hugsað þér að gefa skrifstofustarfið upp á bátinn og hella þér út í malbikið?



Hér eru Sváfnir og félagar í kaffipásu á malbiksárunum. „Hitinn frá sól og malbiki gerði gerir það að verkum að menn eru gjarnan berir að ofan við vinnuna. Það er líka bara svo kúl,“ segir Sváfnir og hlær.

## Datt í gamla gírinn

„Já, hver veit. Ég var í það minnsta kallaður til fyrir nokkrum árum. Ég sló til og datt strax í gamla gírinn. Það fylgir þessu hins vegar ákveðinn veruleiki sem er kannski ekki alltaf mjög skynsamlegur. Yfirleitt er reynt að malbika á góðviðrisdögum og erfitt að vera í miklu yfir sér. Þá er ráð að nota sólarvörn en þegar ég ætlaði að fara að taka upp brúsann sat ég undir ákúrum fyrir aumingjaskap. Ég henti honum því aftur í pokann og tók á móti heilum degi án varnar. Ég lá svo bara í rúminu í tvo daga á eftir.“

Sváfnir segir reyndar víða fært í stílinn í textanum til að þjóna rími. Lagið byrjar til að mynda svona: Sumarið nítíu-og-eitt (það var í meðallagi heitt). „Í sannleika sagt held ég að ég hafi ekkert malbikað þetta sumar og kom aldrei nálægt Víðmel, eins og segir á öðrum stað. Ég á hins vegar heiðurinn af löngum kafla við Hafnargötuna í Keflavík.“

Loforð um nýjan dag hefur í heild fengið góðar viðtökur. Platan er sögð einlæg og sjálfur hefur Sváfnir lýst tónlistinni sem miðaldra melódramatík. Aðspurður segist hann eflaust opinbera sig eitthvað. „Skapti Þóroddsson sem hljóðblandaði lögin og sat með þeim í heila viku sagðist í það minnsta þekkja mig betur á eftir.“ Sváfnir segist þó hafa rennt svolítið blint í sjóinn en er sáttur. „Ég hef fengið góð viðbrögð og ótrúlegt en satt ekki bara frá fólki sem þarf að búa með mér eða hitta mig á ættarmótum.“ Spurður hvort framhald verði á sólóferlinum segist hann ekki búast við að það verði á þessu ári. „En klárlega 2018. Þá kemur næsta plata.“

**Sváfnir heldur útgáfutónleika í Gamla bíói fimmtudaginn 9. febrúar næstkomandi. Þeir bera yfirskriftina Sváfnir Sig og drengirnir af upptökuheimilinu og hefjast klukkan 20.30.**

**BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS**

Mest lesna bílablað landsins kemur næst út þriðjudaginn 7. febúrar.

Ritstjóri blaðsins er Finnur Thorlacius sem er bílaáhugamaður af líf og sál.

**Umsjón auglýsinga:**
**Atli Bergmann • atlib@365.is • sími 512 5457**




ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301

VEFFANG
visir.is

UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429

ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson




TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan glænýja og fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **Tveggja ára þjónustupakki fylgir með öllum nýjum PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Finnst gaman að hafa fyrir hlutunum

Trúin flytur kannski fjöll en **Fylkir Jónsson** vörubílstjóri flytur hús og tekur að sér alls kyns sérhæfð og áhugaverð verkefni.

Húsaflutningaferill Fylkis hófst fyrir nokkrum árum. „Ég byrjaði að vinna með fyrirtæki sem hét GB kranar þar sem ég var plataður í að flytja sumarbústaði og stærri vinnuskúra. Svo vatt þetta upp á sig og menn fóru að leita til mín um að flytja stærri hús.“ Húsaflutningar eru með sérhæfðari flutningum. „Það þarf útsjónarsemi og þekkingu á reikningsformúlum til að geta séð út hvað þarf til. Fyrst þarf að mæla húsið, bæði ummál og þyngd og velja bestu leiðirnar út frá því. Einnig þarf að reikna út hvernig sé best að taka húsið af sökklinum og finna rétta búnaðinn til þess en ég ræð yfirleitt aðra til að sjá um að hífa það upp og er svo með aðstoðarmenn. Að þessu loknu fer undirbúningsvinnan af stað.“ Undirbúningurinn felst meðal annars í því að útvega stálbita sem húsin eru hífð upp á og svo eru húsin tjökkuð upp á stálbitana með 20 tommu tjökkum. „Þegar undirbúningsvinnan er búin tekur við að sækja um öll leyfi. Fyrst þarf að sækja um leyfi hjá skipulagsyfirvöldum til að flytja húsið. Þegar það liggur fyrir er send inn umsókn til Samgöngustofu sem leitar eftir samþykki hjá Vegagerðinni og svo er þessi samþykkt send umferðardeild lögreglunnar. Ég er svo í sambandi við hana til að fá mannskap í að fylgja mér þegar ég flyt húsið, aðstoða við götulokanir og svo framvegis“.

Í janúar flutti Fylkir hús á Grettisgötu sem var heilmikil framkvæmd. „Götunni var lokað frá 8 um morgun til sjö um kvöld nema fyrir sjúkrabílum og öðrum með álíka brýn erindi. Íbúar voru beðnir að fjarlægja bíla sína sem þeir gerðu fljótt og vel og skilti og þess háttar tekin niður svo þetta slyppi. Þetta var mjög vandasamt og mjög þröngt og það tók fjóra tíma að keyra þessa tvo kílómetra eftir Grettisgötunni, þar sem bilið var sex sentimetrar þar sem það var þrengst, einn sentimetri öðrum megin og 5 hinum megin. En við vorum búin að mæla þetta og og vissum að þetta myndi passa.“ Hann viðurkennir að hann keyri ekki hratt í svona verkefnum. „Kannski einn kílómetra á klukkustund eða svo.“ Í verkefnin notar Fylkir Volvo fh16 bíl sem er sérhannaður þungaflutningabíll, innfluttur frá Hollandi og sérstaklega valinn í þessum tilgangi.

Húsin sem Fylkir flytur eru yfirleitt gömul timburhús þar sem allt annað verklag þarf til að flytja steinhús. „Gömul friðuð hús standa oft á verðmætum lóðum og þá ber Reykjavíkurborg að færa húsin ef eigandinn vill nýta lóðina betur.“ Stærsta húsið sem Fylkir hefur flutt er 300 m2 á þremur hæðum sem flutt var af Hverfisgötunni og þó vegalengdin væri aðeins þrír kílómetrar tók flutningurinn alla nóttina.“

Fylkir flytur ekki bara hús heldur líka aðra stóra og torfærða hluti eins og 170 tonna þurrkara til mjölbræðslu. Flutningar af þessum toga eru kenndir á háskólastigi en Fylkir er sjálfmenntaður í þessum fræðum. „Hlutir sem maður þarf að hugsa aðeins út í og pæla aðeins í hafa alltaf heillað mig. Ef þarf að hafa fyrir hlutunum og finna lausnir á krefjandi verkefnum er ég til.“



**Hér má sjá þegar Fylkir flutti húsið að Vegamótastíg 9 yfir á Grettisgötu 45 fyrr á þessu ári.**

> **Þetta var mjög vandasamt og mjög þröngt og það tók fjóra tíma að keyra þessa tvo kílómetra eftir Grettisgötunni, þar sem bilið var sex sentimetrar þar sem það var þrengst.**


*Fylkir Jónsson*


# Hagstæð tækjafjármögnun

**Landsbankinn býður góð kjör** við fjármögnun á nýjum og notuðum atvinnubílum og -tækjum. Viðskiptavinir Landsbankans njóta ætíð betri kjara. Frekari upplýsingar á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Borgartúni 33.



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Askja þjónustar Meiller á Íslandi

Nýlega hóf bílaumboðið Askja að selja og þjónusta búnað frá þýska framleiðandanum Meiller en fyrirtækið hefur lengi verið leiðandi á sínu sviði.

Nýverið hóf Bílaumboðið Askja ehf. að selja og þjónusta búnað frá þýska framleiðandanum Meiller. Fyrirtækið var stofnað árið 1850 og er stór framleiðandi á vörubílspöllum, malarvögnum, krókheysum og vökvakerfum í vörubíla. Meiller hefur um langt skeið verið leiðandi fyrirtæki á sínu sviði og hafa meðal annars lesendur helstu fagtímarita Þýskalands kosið Meiller vörubílspalla þá bestu tólf ár í röð.

Askja býður nú Meiller búnað með atvinnutækjum frá Mercedes-Benz og er viðurkenndur þjónustuaðili fyrir Meiller búnað. Verkstæðið er búið sérverkfærum og tækjabúnaði frá Meiller og hafa starfsmenn á atvinnubílaverkstæði fengið kennslu og þjálfun í þjónustu á Meiller búnaði að sögn Óskars Páls Þorgilssonar, forstöðumanns þjónustusviðs Öskju. „Meiller er þýskt gæðamerki sem við munum þjónusta með stolti. Eigendur Meiller búnaðar á Íslandi geta því héðan í frá leitað til bílaumboðsins Öskju með fyrirspurnir varðandi viðhald, viðgerðir og endurnýjun. Auk þess erum við með helstu varahluti á lager.“

Askja hefur verið umboðsaðili Mercedes-Benz frá árinu 2005. Starfsmenn Öskju eru yfir 100 talsins og á verkstæðum Öskju starfa í dag á fimmta tug bifvéla- og vélvirkja.

Atvinnubílaverkstæði Öskju er á Krókhálsi 11 og er opið alla virka daga frá kl. 7.30 til 18. Til að bóka tíma er hægt að senda tölvupóst á netfangið atvinnubilaverkstaedi@askja.is eða hringja í síma 590 2170. Söludeild Mercedes-Benz atvinnubíla er staðsett á Fosshálsi 1 og er opið alla virka daga frá kl. 9-17. Sölumenn veita nánari upplýsingar í síma 590 2120.



Askja afhenti nýverið verktakafyrirtækinu Ístak þrjá nýja malarvagna frá Meiller.

» Eigendur Meiller búnaðar á Íslandi geta því héðan í frá leitað til bílaumboðsins Öskju með fyrirspurnir varðandi viðhald, viðgerðir og endurnýjun. Auk þess erum við með helstu varahluti á lager.


Bifreiðastöð ÞÞÞ fékk nýverið afhentan Mercedes-Benz 4 öxla vörubíl með Meiller krókheysi.





Til hamingju.

Bílaumboðið Askja óskar starfsfólki Hóls og Ístaks innilega til hamingju með nýjustu viðbæturnar í bílaflota sína. Við vonum að þessir glæsilegu Actros 2663 komi að góðum notum um ókomin ár.

Mercedes-Benz
Trucks you can trust

# Aflvélar fá Meyer umboðið

**Aflvélar**, Vesturhrauni 3 í Garðabæ, hafa fengið umboðið fyrir hinu þekkta bandaríska merki Meyer. Fyrirtækið afhenti nýlega Reykjavíkurflugvelli stærsta flugbrautarsóp landsins og hefur auk þess lagt í talsverða fjárfestingu til að auka gæði þjónustu sinnar.

Aflvélar sérhæfa sig í sumar- og vetrartækjum sem fest eru á gröfur, vörubíla og önnur farartæki. Fyrirtækið hefur umboð fyrir fjölmörg gæðamerki á borð við Aebi-Schmidt, Sami og Pronar. Nýverið bættist ein fjöður enn í hattinn þegar Aflvélar fengu umboðið fyrir Meyer.

„Meyer er þekkt bandarískt merki sem framleiðir snjótennur og saltdreifara framan á léttari ökutæki á borð við pallbíla og jeppa,“ lýsir Friðrik Ingi Friðriksson, eigandi Aflvéla. Hann segir merkið þekkt á Íslandi enda hafi tæki frá því verið í notkun hér í áratugi. „Menn hafa haft mjög góða reynslu af þessum tækjum sem notuð eru í minni verkefni,“ segir Friðrik Ingi en meðal þeirra sem nýta tæki frá Meyer eru Vegagerðin, ýmsir verktakar og bæjarfélög. „Við höfum fram til þessa fremur verið með stærri tæki svo þetta er mjög fín viðbót,“ segir Friðrik og bendir á vefsíðuna www.meyerproducts.com.

### Stærsti flugbrautarsópur landsins

Aflvélar hafa selt flesta þá flugbrautarsópa sem eru í notkun á íslenskum flugvöllum. „Við vorum síðan að afgreiða mjög áhugavert tæki á dögunum en það er nýr flugbrautarsópur fyrir Reykjavíkurflugvöll. Þetta er stærsti flugbrautarsópur landsins sem er með bursta sem er 6,30 metrar á breidd.“

Friðrik Ingi lýsir því að venjulegir flugbrautarsópar séu dregnir af vörubílum. „Þessi sópur er hins vegar sambyggt tæki með liðstýringu þannig að hausinn hreyfist til hliðanna svipað og hjólaskófla. Þá er tönnin fremst og sópurinn fylgir á eftir. Þannig fær ökumaðurinn betra útsýni og á auðveldar með að stýra sópnum enda er hann miklu liprari í vinnslu.“ Sópurinn er líka afkastameiri en aðrir hefðbundnir sópar. „Þetta breytir miklu fyrir Reykjavíkurflugvöll. Sópurinn er það breiður að þeir geta sleppt heilli ferð á brautinni. Það sparar tíma og þar með peninga.“



Friðrik Ingi Friðriksson hjá Aflvélum við eina af vélunum frá Meyer en fyrirtækið tók nýverið við umboði fyrir þessar gæðavörur. MYND/GVA



Aflvélar afhentu nýlega Reykjavíkurflugvelli stærsta flugbrautarsóp landsins.

### Bætt þjónusta

Aflvélar hafa undanfarið lagt í mikla fjárfestingu til að bæta þjónustustig fyrirtækisins. „Við höfum stækkað mikið húsnæði okkar við Vesturhraun 3 í Garðabæ, og erum að setja upp alveg nýtt verkstæði. Aðstaðan er því miklu betri auk þess sem við höfum einnig bætt tækjakostinn til muna,“ lýsir hann. Friðrik Ingi segir þjónustuhlutann mikilvægan þátt í starfsemi Aflvéla. „Að vera með alla þjónustu innan fyrirtækisins breytir gríðarlega miklu fyrir okkur og kúnnann,“ segir hann en meðal viðskiptavina Aflvéla má nefna flugvelli landsins, Isavia, Vegagerðina, bæjarfélög og verktaka.

**Nánari upplýsingar má finna á www.aflvelar.is**

# Tileinka sér fljótt allar tækninýjungar

Starfsmaður **Strætó** segir að fyrirtækið hafi verið óhrætt við að taka upp nýjungar sem sést hafa í löndunum í kringum okkur og tæknin hefur heimilað. Breytingarnar hjá Strætó í gegnum tíðina hafa verið þó nokkrar og hefur Hörður Gíslason upplifað þær margar.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Hörður Gíslason hefur starfað hjá Strætó frá því 1983 og hefur farið í gegnum miklar breytingar hjá fyrirtækinu. Hann segir það vera grundvallaratriði og hægt sé að halda því fram með allri sanngirni að starfsmenn Strætó hafi alla tíð verið vel vakandi fyrir nýjungum. „Við höfum verið í góðu norrænu samstarfi og fylgst vel með. Þær nýjungar sem eru í boði koma hingað ákaflega fljótt. Svo er það annað viðfangsefni að kynna nýjungarnar fyrir fólki og fá það til að tileinka sér það sem er í boði. En það er engin orðræða uppi um annað en að Strætó vandi sig á hverjum tíma að vera með eins góða þjónustu og kostur er.“

Aðalbreytingin á starfsemi Strætó að sögn Harðar er þegar Strætó bs. varð til um mitt árið 2001 og tók við af SVR og AV. Þessi tvö fyrirtæki sinntu áður almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu; SVR í Reykjavík, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ, en AV í Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ og Bessastaðahreppi. „Þetta var eitthvert það stærsta skref sem stigið hefur verið í þjónustu hjá okkur. Þá varð þjónustan einsleit, vagnarnir eins, sama gjaldskrá notuð og sveitarfélagsmörkin máð út enda þarf fólk ekkert á þeim að halda þegar verið er að nota strætó,“ segir hann.

### Margar tækninýjungar

Með þessu urðu til möguleikar á því að vera með eina öfluga heimasíðu en meðal annars er hægt að finna á straeto.is öfluga ferðaleit. Þá er slegið inn hvaðan er farið og hvert ferðinni er heitið og nákvæm leið á áfangastað fæst upp gefin. „Heimasíðan og fleiri atriði hafa komið á síðustu árum því tæknin hefur ekki gefið færi á því fyrr, en um leið og hún kom til var þetta tekið upp.“

Það sem Hörður vísar í þarna eru tæknilegar nýjungar sem tengjast þjónustu Strætó eins og til dæmis app þar sem fylgjast má með ferðum allra vagna. „Það eru nokkur ár síðan það fyrirkomulag var tekið upp að hægt er að sjá staðsetningu vagnanna í símanum, hvar þeir eru staddir þá stundina. Þetta er grundvallarbreyting frá því sem áður var. Með þessu getur fólk verið inni hjá sér, fylgst með hvar vagninn er og farið að heiman rétt áður en vagninn kemur,“ útskýrir Hörður og nefnir einnig að frá því nýlega sé hægt að greiða fargjaldið með símanum.

### Vagnarnir áberandi gulir

„Það varð stór breyting á greiðslukerfinu í kringum 1990 þegar tímabilakortin komu, fyrst mánaðarkortið svo þriggja mánaða og svo níu mánaða kort. Önnur stór breyting var þegar vagnarnir voru málaðir gulir. Þeir voru lengi ljósgulir en svo var farið út í að hafa þá ljósgræna en eftir það var svo tekin ákvörðun, og þar með Norðurlöndunum fylgt svolítið eftir, um að gera vagnana eins áberandi og hægt væri. Það er margt sem fæst með því, þeir eru einsleitir, hægt er að sjá þá í góðri fjarlægð og auðvelt er að greina þá frá öðrum bílum og rútum. Það var lengi verið að finna góðan tón á vagnana, liturinn sem var notaður er ekki ágengur þó hann sé áberandi.“


Hörður hefur lifað tímana tvenna hjá Strætó og farið í gegnum miklar breytingar hjá fyrirtækinu. MYND/STEFÁN

Stóra verkefni Strætó er auðvitað að aka strætisvögnum um borgina og segir Hörður það sífellt vera viðfangsefni að gæta að því að það sé gert á sem skynsamastan hátt. „Af og til eru gerðar breytingar á leiðakerfinu og það aðlagað að breyttri byggð en reynt er að hafa stöðugleika og festu í þessu. Sérakreinum Strætó fjölgar líka hægt og rólega, til dæmis vestur Miklubraut þar sem eru miklir morgunstraumar fer vagninn hraðar en einkabíllinn þó hann stoppi á biðstöðvum. Það eru sífellt fleiri staðir þar sem þetta er í gangi,“ lýsir hann.

> **„Við höfum verið í góðu norrænu samstarfi og fylgst vel með. Þær nýjungar sem eru í boði koma hingað ákaflega fljótt.**
>
> *Hörður Gíslason*

### Eykur öryggi

Aðrar breytingar sem hafa verið áberandi í starfi Strætó eru þær sem gerðar hafa verið á einkennisfatnaði vagnstjóra í gegnum tíðina. „Strætó byrjar árið 1931 og þá er að ég tel strax komnir einkennisbúningar. Það eru fleiri en eitt atriði sem kalla á að hafa þá, þetta er bæði öryggisatriði og upplýsingaatriði. Fólk þarf að sjá hver það er sem ekur vagninum og hann þarf þá að vera tryggilega merktur. Þannig getur fólk snúið sér ugglaust til þess aðila til að leita upplýsinga og aðstoðar.“

Hörður segir að lengi hafi það verið hefð að vagnstjórar hafi klæðst jakkafötum en að klæðnaðurinn sé orðinn frjálslegri og nútímalegri í dag. „Það hefur verið reynt að fylgja tíðarandanum sem er í gangi hverju sinni. Áður fyrr var þetta virðulegra en tíminn hefur svo kallað eftir frjálslegri og hentugri klæðnaði. Einkennisfötin eru þó til staðar enn og engin ástæða eða vilji til að hætta með þau. Þau einkenna manninn og eru skilaboð um þó nokkuð margt.“

# VÍKURVAGNAR EHF

## MIKIÐ ÚRVAL AF KERRUM FYRIR IÐNAÐARMENN OG VERKTAKA













VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA og ÁREIÐANLEIKI

*Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík*

*Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is*

# Frelsi til að flækjast um landið

**Þorleifur Eggertsson** skipti um starfsvettvang á síðasta ári þegar hann seldi söluturn í Breiðholtinu sem hann hafði rekið í 23 ár og keypti sér rútu. Hann hlakkar til að ferðast um landið með erlendum ferðamönnum og er bjartsýnn á framhaldið í rekstrinum.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Eftir að hafa rekið söluturn í Fellahverfinu í Breiðholti í 23 ár ákvað eigandi hennar, Þorleifur Eggertsson, að skipta um starfsvettvang síðasta sumar. Hann keypti 17 sæta 4x4 Sprinter rútu og keyrir nú erlenda ferðamenn vítt og breitt um landið. Þrátt fyrir annasama daga í kringum rekstur sjoppunnar hafði Þorleifur, eða Leifi eins og hann er alltaf kallaður, verið með annan fótinn í ferðaþjónustunni, m.a. í gegnum fyrirtæki sitt Iceland Sightseeing ehf. Því má segja að aukastarfið hafi tekið yfir á þessum tímamótum síðasta sumar. „Þegar ferðamönnum fór að fjölga svona gífurlega fór ég að hugsa minn gang. Ég hef átt 38" fjallajeppa í nokkur ár og var að grípa í að keyra ferðamenn inn á hálendið mér til gamans. En svo kom sá tími eftir 23 ár í sjoppunni að þetta var orðið gott. Því ákvað ég að selja reksturinn enda hef ég aldrei verið hræddur við að skipta um starfsvettvang.“

Leifi segist hafa séð flottar Sprinter rútur á götunum og heillast af þeim. Þegar hann komst að því að þær voru fáanlegar 4x4 sá hann tækifæri fyrir fjallamanninn í sér. „Ég pantaði bílinn og lét Jeppaþjónustuna Breyti gera hann að góðum fjallabíl. Þeir skáru m.a. úr brettunum, settu 35 tommu dekk undir hann og loftdælu. Bíllinn er líka fallega innréttaður með stærstu rúðum sem hægt er að fá því ég vildi að farþegarnir gætu notið útsýnisins á ferð um landið okkar fagra. Einnig kaus ég að hafa hann 17 farþega í stað 20 farþega sem skapar miklu meiri þægindi fyrir þá sem ferðast með rútunni.“



Rútan er mjög rúmgóð með stærstu mögulegum gluggum.



„Þegar ferðamönnum fór að fjölga svona gífurlega fór ég að hugsa minn gang,“ segir Þorleifur Eggertsson sem skipti rækilega um starfsvettvang á síðasta ári. MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON

## Bjartsýnn á framhaldið

Hann fékk rútuna í júlí á síðasta ári og fór strax nokkrar ferðir um sumarið. „Ég fór m.a. í fimmtán daga hringferð með átta manna fjölskyldu. Það fór vel um fólkið og þau voru mjög ánægð. Svo hef ég farið í styttri ferðir, t.d. í Landmannalaugar, Kerlingafjöll og um Suðurströndina.“

Mikill munur er á störfunum tveimur; rekstri sjoppunnar og bílstjórastarfinu. „Sjoppunni fylgdi gífurleg yfirlega alla daga og starfið var mjög bindandi. Ég passaði þó alltaf að taka mér frí til að flækjast um heiminn og til að ferðast innanlands en ferðalög hafa alltaf veitt mér mikla ánægju. Nýja starfið felur hins vegar í sér frelsi til að flækjast um landið með ferðamenn sem koma hingað full ir tilhlökkunar að skoða okkar fallega land.“

Leifi er einyrki og ætlar sér að vinna fyrir ferðaskrifstofur og aðra aðila í greininni. „Það tekur tíma að komast inn í þennan bransa og vinna sig inn á ferðaskrifstofur en þetta fer ágætlega af stað. Fram undan er svo vonandi enn eitt metárið í ferðaþjónustunni þannig að ég er bara bjartsýnn á framhaldið.“

HIDROMEK®




Við kynnum til leiks SUPRA traktorsgröfurnar frá Hidromek

HIDROMEK framleiðir traktorsgröfur í 5 útgáfum. Ein af þessum vélum er SUPRA, en hún hentar afar vel íslenskum aðstæðum. Þetta eru ríkulega útbúnar vélar, t.d. fjaðrandi framgálgi, vökvahliðarfærsla á backchoe, servo stjórnbúnaður, LED vinnuljós, Perkins mótor, Turner skipting og ZF hásingar ásamt mörgu fleiru.

*Hidromek Supra 102S eru búnar m.a.:*

- Mjög næmu og öflugu vökvakerfi
- Hraðtengjum að framan og aftan
- 40km keyrsluhraða
- Fjórhjóla- og krabba stýringu
- 100% drifæsingu
- Stóru og vönduðu ökumannshúsi
- Vönduð og vel búin vél í alla staði

Við bjóðum ykkur velkomin til okkar að Krókhálsi 16 og að kynna ykkur vélina nánar. Alltaf heitt á könnunni.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500

AKUREYRI: Lónsbakka Sími 568-1555

Vefsíða: www.thor.is

# Armar Vinnulyftur taka við Genie-umboðinu á Íslandi

Armar Vinnulyftur hafa tekið við umboðinu fyrir Genie-lyftur á Íslandi en Genie er annar tveggja stærstu lyftuframleiðenda heims. Armar taka við umboðinu af Heimi og Lárusi sf. en þeir hafa haft umboðið í fjórtán ár. Genie eru traustar vélar sem henta í allan iðnað.

Genie-lyftur fögnuðu 50 ára afmæli sínu á síðasta ári. Fyrirtækið var stofnað í Bandaríkjunum en er starfrækt um allan heim. Merkið er þekkt fyrir traustar vélar sem henta í allan iðnað og hafa reynst sérlega vel við krefjandi aðstæður á Íslandi, þar sem allra veðra er von. Vélarnar henta í stór sem smá verkefni, bæði inni og úti. „Það er í raun sama um hvaða framkvæmd er að ræða. Genie er alltaf með rétta vél í verkið, segir Ævar Þór Ólafsson, umsjónarmaður tækjaleigu.

Armar Vinnulyftur og Heimir og Lárus sf. hafa að sögn Auðuns S. Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Arma, átt í nánu og farsælu samstarfi til fjölda ára. „Við fögnum því að hafa náð samningum. Genie hafa verið mest seldu lyftur á Íslandi síðastliðinn áratug og með því að taka við umboðinu aukum við vöruframboð okkar umtalsvert,“ segir Auðunn. „Samstarf fyrirtækjanna hefur verið með eindæmum gott í gegnum tíðina og það gleður okkur að mál skuli hafa þróast þannig að Armar taki við Genie,“ segir Lárus Lárusson, hjá Heimi og Lárusi sf.

**Við erum með ríkulegt úrval af nýjum tækjum til sölu en auk þess erum við með stærsta flota vinnulyfta á Íslandi til leigu.**

*Auðunn S. Guðmundsson*

Tækjafloti Arma Vinnulyfta er að sögn Auðuns kominn í rúmlega fjögur hundruð tæki og samanstendur af skæralyftum, spjótlyftum, lyfturum, skotbómulyfturum, rafstöðvum og öðrum smærri tækjum sem tengjast byggingariðnaði og öðrum framkvæmdum.

Tækin eru ýmist til sölu eða leigu. „Við erum með ríkulegt úrval af nýjum tækjum til sölu en auk þess erum við með stærsta flota vinnulyfta á Íslandi til leigu,“ segir Auðunn.

Bjarni Þorgilsson, yfirmaður viðgerða og varahluta, segir mikinn metnað lagðan í viðhald og endurnýjun þeirra tækja sem eru til leigu sem tryggi áreiðanlegar vélar í öll verk. „Þá eigum við alla helstu varahluti Genie á lager. Sé hluturinn ekki til hjá okkur erum við auk þess með hraðsendingarþjónustu frá miðlægum lager Genie í Hollandi sem gerir það að verkum að við getum ávallt boðið upp á hraða og örugga viðhaldsþjónustu.“

Að sögn Auðuns hafa Armar Vinnulyftur yfir að ráða reyndu starfsfólki sem hefur mikla þekkingu á öllum gerðum Genie véla. „Það tryggir ekki síður skjóta bilanagreiningu og viðgerðir. Umfram allt leggjum við okkur fram um að veita góða og heiðarlega þjónustu og besta mögulega tækjakost.“

**Armar Vinnulyftur eru til húsa að Kaplahrauni 2-4. Allar nánari upplýsingar er að finna á armar.is**




Genie er annar tveggja stærstu lyftuframleiðenda heims. MYNDIR/GVA



Armar Vinnulyftur tóku við Genie-umboðinu af Heimi og Lárusi sf. en fyrirtækin hafa átt í góðu samstarfi í gegnum árin. Hér eru frá vinstri Lárus Lárusson, Auðunn S. Guðmundsson , Kristján Heimir Lárusson og Pétur Bjarnason.




Bjarni Þorgilsson, yfirmaður viðgerða og varahluta, segir mikinn metnað lagðan í viðhald og endurnýjun þeirra tækja sem eru til leigu.

**Það er í raun sama um hvaða framkvæmd er að ræða, Genie er alltaf með rétta vél í verkið.**

*Ævar Þór Ólafsson*



**Við eigum alla helstu varahluti Genie á lager. Sé hluturinn ekki til hjá okkur erum við auk þess með hraðsendingarþjónustu frá miðlægum lager Genie í Hollandi sem gerir það að verkum að við getum ávallt boðið upp á hraða og örugga viðhaldsþjónustu.**

*Bjarni Þorgilsson*



Þ-34 GAZ 69 Rússa jeppi sem var í eigu Björns Sigurðssonar. Bílinn er nú verið að gera upp. MYND/BJÖRN SIGURÐSSON



„Fiat sem Kjartan Emil Halldórsson átti og hann tók þessa mynd. Bíllinn er ekki til lengur.“



„Ég á þennan 504 árg 74 Peugeot . Hann var síðast á nr. Þ-2596. Hann er í hægri uppgerð hjá mér núna og að henni lokinni fær hann Þ-422 sem var númer í eigu móður minnar lengst af.“

# Gaman að rekast á uppgerða bíla

**Bjarki Hólmgeir Halldórsson** heldur úti Facebook-síðunni Þ-4 bílar og tæki úr Þingeyjarsýslu. Hann segir ótrúlegasta fólk fylgja síðunni og setja inn myndir. Þessu áhugamáli fylgi nostalgía og sérstaklega sé skemmtilegt að sjá bíla sem taldir voru ónýtir uppgerða og fína.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Eftir að hafa skoðað síðu um bíla á A-númerum á Facebook fannst mér sem Þingeyingi auðvitað ómögulegt að ekki væri til síða fyrir bíla og tæki úr Þingeyjarsýslu, með Þ-númeri,“ segir Bjarki Hólmgeir Halldórsson, tónlistarmaður og gröfumaður hjá Ístaki, en hann heldur úti Facebook-hópnum Þ-4, bílar og tæki úr Þingeyjarsýslu.

„Síðan hlóð hratt utan á sig og það kom mér reyndar á óvart hve margir sóttu í að fylgja henni. Ótrúlegasta fólk, fínar frúr frá Húsavík eru að setja þarna inn myndir,“ segir Bjarki sposkur.



Bjarki Hólmgeir Halldórsson, tónlistarmaður og gröfumaður hjá Ístaki, heldur úti Facebook-síðu um bíla og tæki úr Þingeyjarsýslu. Situr á húddi Peugeot Þ-105. MYNDIR/BJARKI HÓLM

„Þetta eru myndir af bílum og tækjum sem sum mega muna fífil sinn fegurri. Það er ákveðin nostalgía í þessu og til dæmis gaman að rekast á myndir af gömlum bílum sem maður hélt að væru ekki lengur til, uppgerðum og fínum.

Ég er alinn upp á verkstæðinu hjá pabba í Aðaldal og bílakirkjugarðurinn í túnfætinum var heill ævintýraheimur. Við félagarnir lékum okkur þar heilu dagana og keyrðum um alla heima og geyma í huganum. Pabbi gerði við heimilisbíla bændanna í sveitinni og vinnuvélarnar, allt frá stærstu traktorum niður í garðsláttuvélar. Maður var alltaf á verkstæðinu og fékk stundum eitthvað að gera. Ég á sjálfur tvo gamla Peugeot-bíla sem borið hafa Þ-númer og vildi hafa meiri tíma til að vinna í að gera þá upp. Ég er að taka upp mína fyrstu sólóplötu og er þar fyrir utan að spila allar helgar og vinna á gröfunni þess á milli. Það gefst lítill tími til að sinna þessu áhugamáli.“

> **Ég er alinn upp á verkstæðinu hjá pabba í Aðaldal og bílakirkjugarðurinn í túnfætinum var heill ævintýraheimur.**
>
> *Bjarki Hólmgeir Halldórsson*

Verktakar,
Iðnaðarmenn,
Húsbílaeigendur



Væntanlegar á lager hljóðlátar og handtækar rafstöðvar frá 0.7KVA upp í 3 KVA.

Getum einnig útvegað rafstöðvar frá 6 til 1000 KVA.



Startarar og alternatorar

Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.
Höfum einnig varahluti í alternatora og startara

60 ár í farsælli þjónustu við viðskiptavini

BOSCH DENSO Valeo

LJÓSBOGINN ehf.

Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljosboginn.is ljosboginn@ljosboginn.is

OK VARAHLUTIR

Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • s: 696 1050 • okspares@okspares.is

Vorum að fá nýja sendingu!

Bjóðum tilboðsverð á ýmsum stærðum af vinnuvéladekkjum meðan birðir endast





## Hvítrússneskt traktorarallí

Paryzh-Mosar traktorarallíið var haldið í norðanverðu Hvíta-Rússlandi um helgina. Minsk Tractor Works (MTZ) stóð fyrir rallíinu sem hófst við bæinn Paryzh og lauk við bæinn Mosar. Notaðir voru öflugir traktorar af gerðinni MAZ 25-22 en ekin var tólf kílómetra leið bæði á vegum og utan þeirra. Hugmyndin á bak við nafn rallísins er skemmtileg, en ákveðið var að finna bæjarnöfn sem líktust í framburði París og Dakar til heiðurs hinu heimsþekkta Paris-Dakar rallíi.

Deginum lauk með verðlaunahátíð og tónleikum í St. Anna dómkirkjunni í Mosar en auk rallísins var þennan dag haldinn traktorafótboltaleikur sem margir höfðu gaman af.





Transit Van fæst í þremur lengdum og er fáanlegur með háum toppi sem eykur hæð hleðslurýmis verulega.

# Mest seldu sendibílar í heimi

**Ford Transit** atvinnubílarnir hafa verið til sölu í mörg ár hjá Brimborg. Bílarnir hafa unnið til fjölda verðlauna. Þeir eru harðgerðir, sparneytnir og hafa lága bilanatíðni. Nú er Ford Transit línan enn breiðari, kraftmeiri, fjölbreyttari og umhverfisvænni.

Brimborg hefur til fjölda ára selt Ford Transit atvinnubíla. Á síðasta ári var Ford Transit stærsta merkið í flokki sendibíla á heimsvísu. Þeir hafa fengið fjölda verðlauna enda harðgerðir, sparneytnir og þekktir fyrir lága bilanatíðni. Þá eru nýju Euro6 vélarnar í Transit bílunum sparneytnari, aflmeiri, hljóðlátari og menga auk þess minna.

„Viðskiptavinir okkar hafa í gegnum árin endurnýjað Transit bílana hjá okkur reglulega enda hafa þeir reynst þeim vel. Endursala og endursöluverð hefur einnig verið mjög gott á Ford Transit sem hefur auðveldað bílaskiptin,“ segir Gísli Jón Bjarnason, sölustjóri Ford og Volvo hjá Brimborg.

Transit bílarnir hafa verið hannaðir í samvinnu við notendur í gegnum árin sem gerir bílinn, að sögn Gísla Jóns, sérlega þægilegan í allri umgengni. „Hann er því fyrsta flokks vinnuaðstaða enda hafa fyrirtæki og einyrkjar í áratugi sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford sendibíla.“



Gísli Jón Bjarnason, sölustjóri Ford og Volvo hjá Brimborg, segir Ford Transit línuna nú vera enn breiðari, kraftmeiri, fjölbreyttari og umhverfisvænni og augljóst að viðskiptavinir Brimborgar muni gleðjast yfir enn betri atvinnubílalínu Ford.
MYND/ANTON BRINK

## Breið lína sendi- og pallbíla

Transit sendibílalínan er mjög breið og skiptist í þrjár gerðir sem eru Connect, Custom og Transit Van. Stærð bílanna er fjölbreytt, allt frá Transit Connect sem er 2,9 m3 upp í Transit Van sem getur verið allt að 15,1 m3.

Transit Connect og Custom bílarnir eru fáanlegir í tveimur lengdum og Transit Van í þremur lengdum. Custom og Transit Van bílarnir eru fáanlegir með háum toppi sem eykur hæð hleðslurýmis verulega.

Connect bíllinn hefur verið fáanlegur sjálfskiptur en Custom og Transit Van koma sjálfskiptir í sölu í vor.

Transit er einnig fáanlegur sem grindarbíll með palli eða vörukassa, með einföldu þriggja sæta húsi (Single Cab) og sjö sæta með tvöföldu húsi (Double Cab).

Staðalbúnaður Transit sendibílanna er mjög ríkulegur, hér má nefna staðalbúnað sem er aukabúnaður hjá flestum öðrum framleiðendum eða jafnvel ófáanlegur. Olíumiðstöð með tímastilli er til dæmis staðalbúnaður og geta eigendur bílanna gengið að því vísu að þeir eru heitir og notalegir á köldum vetrarmorgnum. Bluetooth fyrir gsm er staðalbúnaður í öllum og upphitanleg framrúða í Custom og Transit Van.



Hörður Guðjónsson er Transit sérfræðingur Brimborgar. Transit sendibílalínan er mjög breið og skiptist í þrjár gerðir sem eru Connect, Custom og Transit Van.

**» Viðskiptavinir okkar munu gleðjast yfir enn betri atvinnubílalínu Ford·**

## Fáanlegur 9 til 18 manna

Transit bílarnir eru einnig fáanlegir sem farþegabílar, Custom sem átta til níu sæta og Transit Bus sem er fimmtán til átján sæta. Þess má geta að Transit Custom fékk fimm stjörnur í árekstraprófun hjá EuroNCAP sem sannað hefur ágæti sitt, meðal annars á Íslandi. Transit Connect hefur einnig hlotið 5 stjörnur hjá þeim.

## Spennandi tímar fram undan

„Við kynnum í vor Custom og Transit Van með sjálfskiptingu. Þetta eru bílar sem viðskiptavinir okkar hafa beðið eftir og erum við þegar búnir að selja nokkra slíka til Transit eigenda þó svo að þeir hafi ekki prófað þá enn þá. Þeir segja að þess þurfi ekki,“ segir Gísli Jón og brosir.

Hann bætir við að Transit Van verði fáanlegur aftur fjórhjóladrifinn. „Nýtt og öflugra fjórhjóladrif er núna komið í bílinn og á hann örugglega eftir að seljast mjög vel því hann hentar svo vel við íslenskar aðstæður. Margar fyrirspurnir hafa einmitt borist af landsbyggðinni um þennan bíl. Við höfum ekki farið varhluta af uppgangi í ferðaþjónustunni því það varð sprenging í sölu á 15 til 18 manna Transit rútum á liðnu ári enda flottir bílar sem henta vel í ferðaþjónustuna. Það eru því spennandi tímar fram undan hjá okkur og við vitum að nú er Ford Transit línan enn breiðari, kraftmeiri, fjölbreyttari og umhverfisvænni og augljóst að núverandi og framtíðarviðskiptavinir okkar munu gleðjast yfir enn betri atvinnubílalínu Ford.“

# Bílaáhugi frá barnæsku

Á Samgöngusafni í Brákarey í Borgarnesi, sem Fornbílafjelag Borgarfjarðar heldur úti, má finna fallega smíðuð módel af íslenskum bílum. Hagleiksmaðurinn Sigurgeir Gíslason á heiðurinn af smíði þeirra en hann hefur nú smíðað sjö módel.

Sigurgeir Gíslason húsasmiður gerir módel af gömlum bílum af mikilli list. Módelin eru öll handsmíðuð frá grunni og eru aðallega gerð úr MDF. Sigurgeir segir smíðina mestmegnis felast í handavinnu en þar sem hann er smiður hafi hann smávegis vélakost sem nýtist honum. „Þetta eru fyrst og fremst gamlir bílar með íslenskum yfirbyggingum sem ég hef verið að fást við,“ útskýrir Sigurgeir en tekur fram að hann hafi líka smíðað módel af tveimur Willys jeppum sem eru ásamt fleiri módelum sem Sigurgeir smíðaði á Samgöngusafni í Brákarey í Borgarnesi sem Fornbílafjelag Borgarfjarðar heldur úti. „Reyndar eru Willys jepparnir með íslenskum yfirbyggingum. Þessi módelsmíði mín takmarkast eiginlega við þetta séríslenska.“


Módelin eru nákvæmar eftirmyndir bílanna. MYND/GUÐMUNDUR SKÚLI HALLDÓRSSON

### Módelin vekja eftirtekt

Á safninu í Borgarnesi eru nokkur módel sem Sigurgeir smíðaði og á Samgönguminjasafninu í Stóragerði í Skagafirði eru tvö. „Ég átti frumkvæðið að því að gefa safninu hér í Borgarnesi módelin en það eru hæg heimatökin,“ segir Sigurgeir sem sjálfur býr í bænum. Hann segir að gjöf hans hafi verið vel tekið. „Konan sem á safnið fyrir norðan sá módelin hér og lýsti áhuga á að fá módel á safnið sitt svo ég réðst í að smíða fyrir hana líka. Svona fyrst fólk hafði áhuga á þessu.“

Aðspurður um áhuga sinn á bílum segir Sigurgeir hann hafa verið eins og gengur og gerist hjá mörgum drengjum í upphafi. „Flestir strákar á mínum aldri höfðu áhuga á bílum og kannski er það þannig enn í dag? Svo datt mér í hug fyrir svona tíu, fimmtán árum, ég veit þó ekki af hverju, að fara að smíða módel.“

### Mikil vinna í smíðinni

Sigurgeir segir ekkert eitt módel hafa heppnast betur en önnur en þó votti kannski aðeins fyrir framförum hjá honum eftir því sem módelunum hefur fjölgað. „Þetta er bara æfing en það er ekkert eitt módel öðru fremra.“

Óhemju vinna liggur í smíði hvers módels að sögn Sigurgeirs en hann hefur þó aldrei tekið saman hversu langan tíma smíðin tekur. „Það er óhætt að segja að þetta sé mikil vinna, þetta tekur einhverja mánuði í frístundum enda er ekki verið að hugsa um tímann eða fyrirhöfnina sem liggur í þessu. Þetta er bara áhugamál.“

Engin módel eru í vinnslu hjá Sigurgeiri þessa stundina og ekkert endilega á dagskrá að gera fleiri. „Ekki nema manni detti eitthvað í hug eða sjái eitthvað sem væri heppilegt. Þetta er bara handavinna eins og aðrir prjóna lopapeysur og aðrir eru að skera út en þetta er svona frekar fágætt, mér er ekki kunnugt um að fleiri séu í svona smíði,“ segir hann kankvís.


Gríðarmikil vinna liggur að baki hverju módeli Sigurgeirs. Hann horfir þó hvorki í tímann né fyrirhöfnina sem fer í smíðina enda sé hún áhugamál. MYND/GUÐMUNDUR SKÚLI HALLDÓRSSON

**„Þetta er bara handavinna eins og aðrir prjóna lopapeysur og aðrir eru að skera út en þetta er svona frekar fágætt, mér er ekki kunnugt um að fleiri séu í svona smíði.“**

*Sigurgeir Gíslason*













KATTARKRANINN
MEST SELDI BYGGINGAKRANI Á ÍSLANDI 2015–2016
CATTANEO
2 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓDÝR Í REKSTRI
HRAÐKRANAR
CM 221 : LENGD 22 M.–HÆÐ 17,3 M.
VERÐ : 9,9 M. +VSK
CM 271 : LENGD 27 M. –HÆÐ 20,3 M.
VERÐ : 13,9 M. +VSK
SJÁLFREISANDI
CM 82S : LENGD 33 M. –HÆÐ 21 M.
VERÐ : 12,5 M. +VSK
CM 90S : LENGD 41 M. –HÆÐ 25 M.
VERÐ : 16,9 M. +VSK
0. min.
6. min.
9. min.
12. min.
EINSTAKLEGA EINFALDUR Í NOTKUN OG FLUTNINGI
LINDEN COMANSA
TURNKRANAR
Öflugir mótorar
Einföld uppsetning
Hagstætt verð
Umsagnir viðskiptavina okkar eru samhljóma :
„ Þetta er einfaldlega besti turnkrani sem við höfum átt ! “
ÞINGVANGUR
MANNVERK
FRAMKVÆMDIR
OG RÁÐGJÖF
MótX ehf
ÞG-VERK
AF HÚS
Byggingaverktaki
DS LAUSNIR
VIÐ LYFTUM ÞÉR UPP!
Rauðhellu 5 – 221 Hafnarfjörður
S. 561 8373 – 824 0672 – dslausnir@dslausnir.is

# Vinalega vélin gula

**Hrafnhildur Tryggvadóttir,** sérfræðingur hjá Landsvirkjun, var sest undir stýri fyrir fermingu eins og gjarnt var um sveitakrakka. Hún á sína uppáhaldsvél, sem hefur rúllað um tún í bráðum sextíu ár, nokkurn veginn án þess að slá feilpúst.

„Uppáhaldsdráttarvélin mín er eldgömul Massey Ferguson 35, 58-módel sem afi keypti nýja á sínum tíma. Þá var hún víst rauð en einhvern tímann var hún máluð gul og ég þekki hana bara sem Gulu vélina. Hún er í uppáhaldi af því að hún er bara svo vinaleg og þægileg,“ segir Hrafnhildur Tryggvadóttir, sérfræðingur hjá Landsvirkjun. „Vélin er líka opin þannig að maður nýtur sólarinnar og góða veðursins þegar maður keyrir hana. Í henni er heldur ekkert útvarp svo gott tóm gefst til að hugsa. Enda hugsa ég alltaf mjög vel og gáfulega þegar ég keyri þessa vél.“

Hrafnhildur ólst upp í sveit norðan heiða og var sest undir stýri fyrir fermingu eins og gjarnt var um sveitakrakka. Gula vélin tengist flestum hennar bernskuminningum enda vélarnar stór hluti af sveitalífinu.

„Ég hef líklega verið 12 ára þegar ég fór að keyra dráttarvél og þá var það einmitt þessi vél.

Ég hef snúist frekar marga hringi um túnin heima á Gulu vélinni í gegnum tíðina. Aðallega snúið heyi, garðað og dreift úr görðum eða slægju. Líka garðað fyrir bindivélina og í seinni tíð rúlluvélina. Stundum hef ég dregið heyvagninn heim að hlöðu þegar heyið var bundið í bagga í gamla daga.

Mig rámar líka í að hafa setið undir stýri við að moka út úr gömlu fjárhúsunum sem voru, en þá var stór skófla tengd aftan í Gulu vélina með vírum og vélin dró hana út. Svo bakkaði ég vélinni aftur og skóflan rann inn á vírunum. Þannig keyrði ég fram og aftur allan daginn. Þetta var fyrir afskaplega löngu síðan.“

Hrafnhildur hefur ekið fjölda annarra dráttarvéla gegnum tíðina sem búnar eru meiri þægindum en engin stenst vinalegheit Gulu vélarinnar.

„Hún stenst alltaf allan samburð og henni hefur ekki verið velt úr sessi sem uppáhalds. Reyndar er Case-vél í öðru sætinu. Stór og öflug en afskaplega lipur og þægileg. En ég endurnýja alltaf kynnin við Gulu vélina á hverju sumri og það er alltaf jafn gaman.“



**„Uppáhalds dráttarvélin mín er eldgömul Massey Ferguson 35, 58-módel sem afi keypti nýja á sínum tíma. Þá var hún víst rauð en einhvern tímann var hún máluð gul og ég þekki hana bara sem „Gulu vélina“.**



**Hrafnhildur Tryggvadóttir, sérfræðingur hjá Landsvirkjun, var farin að keyra gamlan Massey Ferguson fyrir fermingu. Vélin er því í sérstöku uppáhaldi enda sérstaklega „vinaleg og þægileg“.** MYND/ÚR EINKASAFNI



PIPAR\TBWA • SÍA • 170302

# Heildarlausnir Kraftvéla

Kraftvélar ehf. fer með umboð fjölda heimsþekktra vörumerkja í atvinnutækjum. Viktor Karl Ævarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Kraftvéla, segir bjartsýni ríkja á markaðnum í dag og umtalsverð aukning sé í sölu vinnuvéla á milli ára. Kraftvélar bjóði heildarlausnir í vinnuvélum og atvinnubifreiðum. Höfuðstöðvar Kraftvéla eru að Dalvegi 6-8 í Kópavogi og þjónustustöðvar um allt land.

„Þegar kemur að vinnuvélum og atvinnubifreiðum teljum við okkur geta boðið heildarlausnir í gegnum Komatsu vinnuvélar, Iveco atvinnubíla, Sandvik námutæki, Potain byggingakrana, Dynapac valtara og Grove bílkrana. Nýjasta viðbótin okkar í atvinnutækjum eru einmitt Potain og Grove kranar. Kraftvélar ehf. hefur frá fyrsta degi sérhæft sig í innflutningi á Komatsu vinnuvélum og þjónustu við þær. Komatsu vinnuvélar og Iveco atvinnubifreiðar ættu að vera öllum verktökum vel kunnar, enda stór vörumerki með fjölbreytt vöruúrval,“ segir Viktor Karl Ævarsson.

„Grove bílkranar eru líklega þekktustu bílkranarnir hér á landi enda mest innfluttu bílkranar á Íslandi frá upphafi skráningar hjá Vinnueftirliti ríkisins. Kranarnir eru fáanlegir með lyftigetu frá 30 tonnum upp í allt að 450 tonn. Potain byggingarkranar ættu að vera öllum byggingaverktökum vel kunnugir, enda vel þekktir og með langa sögu hér á landi. Byggingakranarnir eru fáanlegir í öllum stærðum og gerðum, allt frá 1,3 tonna lyftigetu í sjálfreisandi krana upp í 80 tonna lyftigetu í turnkrönum.“



Viktor Karl Ævarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Kraftvéla. MYND/ANTON BRINK

> „Markaðurinn fyrir vinnuvélar er allur að lifna við. Á milli áranna 2015–2016 fór innflutningur nýrra vinnuvéla við jarðvegsframkvæmdir úr 146 vélum í 279 vinnuvélar, það er rétt tæplega tvöföldun á milli ára. Við finnum vel fyri þessari aukningu hér innahúss á milli ára.
>
> Viktor Karl Ævarsson

Hjá Kraftvélum starfa rúmlega 40 manns og eru höfuðstöðvar fyrirtækisins að Dalvegi 6-8 í Kópavogi. Einnig starfrækja Kraftvélar útibú á Akureyri og þá er þjónustuaðila Kraftvéla að finna á Akureyri, Hofsósi, Egilsstöðum og Sauðárkróki.

Viktor segir jarðvinnuframkvæmdir aftur komnar á skrið á Íslandi svo um munar.

„Markaðurinn fyrir vinuvélar er allur að lifna við. Á milli áranna 2015 og 2016 fór innflutningur nýrra vinnuvéla við jarðvegsframkvæmdir úr 146 vélum í 279 vinnuvélar, það er rétt tæplega tvöföldun á milli ára. Við finnum vel fyrir þessari aukningu hér innanhúss og erum til dæmis að þrefalda sölu beltavéla á milli ára. Á árinu sem leið afgreiddum við einnig töluvert af brjótum og hörpum frá Sandvik, völturum frá Dynapac og nokkra tugi Iveco atvinnubifreiða. Jarðvinnuframkvæmdir eru komnar vel af stað og menn eru almennt bjartsýnir, við erum spenntir fyrir komandi árum.“






Tveir glænýir Scania vörubílar sem sýndir voru í glæsilegum sýningarsal Kletts í Klettagörðum 8-10. MYND/EYÞÓR

# Nýr og glæsilegur Scania

**Ný kynslóð Scania vöruflutningabíla var frumsýnd í Kletti nýverið. Miklar breytingar hafa verið gerðar á húsum bílanna en hugmyndavinna, þróun og prófanir hafa staðið yfir í áratug. Akstурseiginleikar hafa batnað og aðstaða fyrir ökumann orðin mun betri.**

Bjarni Arnarson, sölustjóri hjá Kletti, tekur á móti blaðamanni í glæsilegu húsnæði Kletts í Klettagörðum 8-10. Ætlunin er að fræðast meira um nýju línuna frá Scania sem Klettur hélt glæsilega kynningu á í byrjun árs. Förinni er heitið inn á gríðarstórt verkstæði Kletts þar sem bæði vinnuvélar og vöruflutningabílar standa í röðum og færir bifvélavirkjar þjónusta af mikilli lipurð.

Eftirtektarverðasti bíllinn er þó nýi Scania vöruflutningabíllinn. Bjarni býður blaðamanni að máta hið nýja hús og tilfinningin jafnast á við að setjast inn í vel útbúinn fólksbíl enda hönnun innanrýmisins afar fagleg og falleg.

„Þessi breyting á húsunum er búin að taka um tíu ár, það er að segja frá hönnun og til framleiðslu. Þá hefur bíllinn verið í físískum prófunum núna á þriðja ár,“ upplýsir Bjarni sem bendir á að þessi mikla breyting á húsinu sé stærsta fjárfesting sem Scania hafi farið í frá upphafi.

## Betra loftflæði sparar eldsneyti

Þó bíllinn sé mjög keimlíkur fyrirrennaranum er breytingin þó ansi mikil. „Húsið er alveg nýtt og búið að vinna mjög mikið með loftflæðið. Nýju bílarnir spara til dæmis um fjögur til fimm prósent eldsneytis miðað við fyrri týpu, fyrst og fremst vegna betra loftflæðis,“ segir Bjarni.

Innréttingin í húsinu er alveg ný. Hún hefur öll verið færð dálítið framar og af því næst ýmis ávinningur. „Bílstjórinn situr nú örlítið nær framrúðunni og hefur þar af leiðandi betri sýn yfir veginn. Auk þess fæst meira innanrými í húsinu. Eins fluttu þeir bílstjórasætið örlítið til vinstri,“ lýsir Bjarni og útskýrir að það hafi verið niðurstaðan eftir fjölmargar prófanir. Til dæmis hafi verið prófað að færa bílstjórann í miðju bílsins.




Bjarni Arnarson (fjórði frá vintri) ásamt samstarfsfélögum sínum í Kletti.

## Allt við höndina

Mælaborðið er töluvert breytt. Það er tvískipt og sveigt þannig að öll stjórntæki eru við höndina. Aðgerðastillingar eru margar komnar í stýrið og allar ljósastillingar á einn stað í hurðinni. Þá er ýmsum hólfum og öðrum búnaði haganlega fyrir komið þannig að auðvelt er að komast að þeim.

Tvær gerðir af húsum eru í boði. Annars vegar R-serían sem hægt er að fá með háum eða lægri toppi. Í henni er mótorkassi á milli sæta sem er 20 cm hár. Hins vegar er það S-línan en þar er aðeins hærra að klifra upp í bílinn en á móti er gólfið í húsinu alveg slétt. „Slíkir bílar eru hugsaðir í langflutninga þar sem menn búa meira í bílunum,“ segir Bjarni og bendir á að hægt sé að breikka



Mælaborðinu er haganlega fyrir komið og öll stjórntæki við höndina.

rúmið í 90 cm. Þá sé olíumiðstöð í bílnum sem sjái um að halda hita á bílstjóranum í stoppi.

Hægt er að velja um þó nokkra aukahluti í bílnum. Hægt er að velja um að vera með ísskáp, frysti, örbylgjuofn, kaffivél og sjónvarp. Í sumum útfærslum er hægt að snúa farþegasætinu til að horfa á sjónvarpið eða slaka á.

## 40 % fljótari að skipta milli gíra

Engar breytingar voru gerðar á vélinni að þessu sinni. „Hins vegar var gerð breyting á framfjöðrun og öllu sem tengist upp í húsið, bæði undirstöðum og stýrisbúnaði. Þetta ásamt betra útsýni ökumannsins gerir aksturseiginleika bílsins mun betri. Það er finnanlegur munur,“ segir Bjarni.

Önnur nýjung í þessum bílum, sem verður einnig innleidd í eldri seríuna, er uppfærður gírkassi. „Ný gírkassabremsa virkar þannig að bíllinn bremsar niður í neðri tromluna í hverri skiptingu. Bíllinn er þannig 40 prósent fljótari að skipta á milli gíra í dag. Þá er nýr retarder-vökvahemill mun öflugri en hann var.“

## Mest seldi vörubíllinn

Bjarni segir mikinn áhuga vera á Scania bílunum. „Scania hefur verið mest seldi vörubíllinn á Íslandi í þessum hefðbundna vörubílaflokki, 16 tonn og yfir, síðastliðin 16 ár. Á síðasta ári vorum við með 40 prósenta markaðshlutdeild,“ segir Bjarni sem þakkar það fyrst og fremst mjög góðum bíl og öflugu þjónustuneti. „Þetta snýst um að menn fái þá þjónustu sem þeir þurfa, þegar þeir þurfa á henni að halda.“

## Bætt öryggi

Klettur selur Scania bílana með öryggispakka sem inniheldur forstrekkjara í öryggisbelti, öryggispúða í stýri og hliðargardínu. „Enginn annar vörubílaframleiðandi hefur enn þá boðið upp á þessar hliðargardínur en það eru loftpúðar fyrir gluggum. Þessar hliðargardínur eru í raun mun mikilvægari en loftpúðar í stýri. Helstu slysin á vörubílum hér á landi verða þegar bílar velta, og þó menn séu í belti er það brotið glerið í bílstjórarúðunni sem skaðar menn mest. Gardínan kemur hins vegar í veg fyrir það,“ upplýsir Bjarni.

Þar með ljúkum við spjalli okkar og klifrum niður úr þessum þægilega íverustað sem Scania er.

**Nánari upplýsingar má finna á www.klettur.is**

KLETTUR

VÖRUBÍLL ÁRSINS 2017 Í EVRÓPU

SÖLUHÆSTUR SÍÐUSTU 16 ÁRIN




# NÝ KYNSLÓÐ SCANIA

Klettur kynnir með stolti nýja kynslóð vöru- og flutningabíla frá Scania, afrakstur margra ára þróunarvinnu. Undanfarin 16 ár hefur Scania verið söluhæsti vörubíllinn á Íslandi* og það er ekki að ástæðulausu.

Hafðu samband við sölumenn Kletts og kynntu þér frábæra möguleika Scania fyrir þitt fyrirtæki.

> *Við leggjum mikla áherslu á þjónustuþáttinn og undirstrikum að það er margsannað hversu miklu skiptir að fá þjónustu frá sérhæfðum viðgerðar-mönnum í viðkomandi vélbúnað.*

*Í flokki vörubíla yfir 16 tonn.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK - 590 5100

# Forn vinnubrögð færð í nútímahorf

Landbúnaðarháskólinn festi nýverið kaup á tilraunasláttuvél en slíkt hafði staðið til í fjörutíu ár. Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri skólans, segir vélina algera byltingu enda færi hún vinnubrögð frá 19. öld inn í þá 21. Önnur áhugaverð vél LBHÍ er tilraunaþreskivél.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Hrannar tekur á móti blaðamanni á tilraunastöðinni Korpu, hálfgerðum leynistað í borginni, mitt á milli Korputorgs og Korpúlfsstaða. „Þetta er einstakur staður og skrítið að hann skuli vera til hér í borginni,“ segir Hrannar sem titlaður er tilraunastjóri. Hann útskýrir að starf hans felist í að framkvæma þær tilraunir sem vísindamönnum detti í hug.

Tilgangur heimsóknarinnar er að fræðast dálítið um tækjakost Landbúnaðarháskólans og þá sér í lagi tilraunasláttuvél sem skólinn festi nýverið kaup á. Fyrst býður Hrannar þó blaðamanni að skoða aðra vél sem finna má á tilraunastöðinni, en sláttuvélin nýja er staðsett á Hvanneyri.

### Tuttugu ára ung

„Þetta undraverða tæki er tilraunaþreskivél. Hún er orðin tuttugu ára og telst af tækjakosti stofnunarinnar ný,“ segir Hrannar og hlær dátt. Vélin er af gerðinni Wintersteiger sem er tilraunavélaframleiðandi í Austurríki. „Þessi vél er öðruvísi en aðrar þreskivélar því ljárinn er miklu minni, en það er nauðsynlegt þar sem tilraunareitir eru smáir,“ útskýrir Hrannar.



Tilraunasláttuvélin leysir af hólmi verkfæri á borð við sláttuvél og hrífu.



Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri Landbúnaðarháskólans, við tilraunaþreskivélina sem hefur þjónað skólanum dyggilega í 20 ár. MYND/ERNIR

> **„Hún slær reitinn, vigtar uppskeruna, tekur sýni, saxar það, afhendir sýnið upp í ökumannshúsið og vigtar það.**
>
> *Hrannar Smári Hilmarsson*

Hann segir að þreskivélinni sé þvælt fram og aftur um landið. „Hún hefur verið notuð á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, hér á Korpu, Vindheimum í Skagafirði, Möðruvöllum í Hörgárdal og víðar.“

### Leysir hrífuna af hólmi

Talið berst að tilraunasláttuvélinni nýju. „Það hafði staðið til í fjörutíu ár að fá slíka vél. Fram að því var slegið með hefðbundnum sláttuvélum en þetta verkfæri hér var þó mest notað,“ segir hann og bendir á rekka af hrífum. „Svo stóðu fjórir eða fimm prófessorar úti á túni að raka.“ Voru þeir þá ekki í góðri þjálfun? „Tja, ég held að þeir séu flestir búnir að fara í mjaðmaskiptaaðgerð,“ svarar hann hlæjandi.

Nýja vélin leysir því af hólmi marga verkþætti. „Hún slær reitinn, vigtar uppskeruna, tekur sýni, saxar það, afhendir sýnið upp í ökumannshúsið, vigtar það og þá er það tilbúið til frekari greiningar,“ lýsir Hrannar. Tilgangurinn er að geta sinnt rannsóknum, gert áburðartilraunir, yrkja tilraunir, borið saman mismunandi arfgerðir, prófað nýjar tegundir eða prófað sama efniviðið í mismunandi jarðvegi. Niðurstöðurnar geta bændur nýtt til að velja hvaða tegundir þeir ætla að rækta, hvaða yrki og hversu mikið þurfi að bera á. Allt þetta eykur á hagkvæmni í landbúnaði að sögn Hrannars.

„Þessi tilraunasláttuvél er alger bylting fyrir okkur. Þarna er tekið stökk frá vinnulagi nítjándu aldar fram á 21. öld. Síðan er draumurinn að bæta við tæki sem heitir infrared spectroscopy, sem er tæki sem notar innrauðan geisla til að meta gæði uppskerunnar. Það metur þurrefni, vatnleysanleg kolvetni, hráprótein og reiknar meltanleika. Það eru mikilvægar upplýsingar enda leggja bændur upp úr góðu fóðri frekar en magni.“

Sláttuvélin vegur fjögur tonn og hámarkshraði hennar er 16 km á klst. „Þó langbest væri að geta flutt hana á milli landshluta á skólinn ekki tækjakost til að flytja hana og því verður hún fyrst um sinn á Hvanneyri.“


# 4-hjóla stýrðar hjólaskóflur




Eigum fyrirliggjandi á lager vinsælustu snjómokstursvélina frá KRAMER. Hlaðin aukabúnaði. T.d. 40 km akstursraði, 4hjólastýri, framhjólastýri og krabbastýri, loftpúðafjaðrandi ökumannssæti og akstursraði stillanlegur óháð mótorhraða, skófla og gafflar.

Komið og reynsluakið glænýrri KRAMER 8085 hjá okkur að Krókhálsi 16.

KRAMER

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500 | AKUREYRI: Lónsbakka Sími 568-1555 | Vefsíða: www.thor.is

# Góðar horfur fram undan í greininni

Viðskiptavinahópur **Vélafls** er fjölbreyttur og kemur að ólíkum verkefnum víða um land. Nýlega afhenti fyrirtækið byltingarkenndan brjót sem notaður er á Bakka við Húsavík auk þess sem búið er að semja við Íslenska aðalverktaka um brjótasamstæðu frá Metso.

Vélafl ehf. í Hafnarfirði hefur starfað á íslenskum vinnuvélamarkaði síðan árið 1998. Fyrirtækið er innflutnings- og umboðsaðili fyrir fjölmörg þekkt og traust vörumerki sem reynst hafa vel við fjölbreytt verkefni hér á landi, sem unnin eru við ólík vinnuskilyrði.

Meðal þeirra vinnuvéla sem Vélafl flytur inn og selur eru beltagröfur, hjólagröfur og minigröfur, FRD borvagnar og vökvafleygar, Metso brjótar og mölunarsamstæður og Bell liðstýrðir trukkar (búkollur). „Einnig bjóðum við upp á gott úrval af völturum og þjöppum frá Bomag, vökvarippera frá Xcentric og Dieci skotbómulyftara," segir Sigurður E. Þorsteinsson, sölumaður hjá Vélafli.

Viðskiptavinahópur Vélafls er fjölbreyttur að sögn Sigurðar, sem kemur að ólíkum verkefnum víða um land. „Við erum t.d. að selja til verktaka sem eru í ýmsum jarðvegsframkvæmdum og í húsbyggingum auk þess sem mörg sveitarfélög landsins nýta sér þjónustu okkar."

Síðasta ár var mjög gott að sögn Sigurðar og horfur eru góðar á næstunni enda byrjar árið vel. „Meðal stórra viðskipta undanfarið má nefna að verktakinn Árni Helgason ehf. fékk afhentan nýjan Metso LT220D brjót sem fór beint í vinnu á Bakka við Húsavík. Brjóturinn er sambyggður kónbrjótur og harpa með byltingarkenndri hönnun frá Metso sem mun án efa koma að mjög góðum notum við þetta verkefni."



**Vélafl er til húsa í nýlegu og rúmgóðu húsnæði að Rauðhellu 11 í Hafnafirði sem inniheldur m.a. 1.380 m2 verkstæði og lager.**


**Verktakafyrirtækið Árni Helgason ehf. fékk nýlega afhentan nýjan Metso LT220D brjót sem fór beint í vinnu á Bakka við Húsavík.**

> **Mikið af seldum tækjum er á leið til landsins sem bíða afhendingar til viðskiptavina.**
> *Sigurður E. Þorsteinsson*

**Bjartsýni ríkir**

Einnig er búið að ganga frá sölu til ÍAV um kaup á brjótasamstæðu frá Metso. „Við erum einnig að taka inn á lager nýjan forbrjót sem er af gerðinni LT106. Það gerum við því horfur eru góðar í greininni á næstunni og kominn tími á endurnýjun margra tækja."

Mikið af seldum tækjum er á leið til landsins sem bíða afhendingar til viðskiptavina. „Horfur eru því nokkuð góðar. Við erum bjartsýnir eftir að ný ríkisstjórn tók við og þar er m.a. kominn nýr samgönguráðherra sem hefur nýjar áherslur í vegagerð."

Vélafl er til húsa í nýlegu og rúmgóðu húsnæði að Rauðhellu 11 í Hafnarfirði sem inniheldur m.a. 1.380 m2 verkstæði og lager. „Við erum með alla viðgerðarþjónustu í sama húsi en fyrirtækið hefur á að skipa sérhæfðum viðgerðarmönnum með áralanga reynslu í þjónustu á vinnuvélum og lyftarum. Enda er Vélafl þekkt fyrir að leggja höfuðáherslu á að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi góða og skjóta þjónustu."

**Nánari upplýsingar má finna á www.velafl.is.**








## Sérhæfðar vélar til byggingar- og jarðvegsframkvæmda

Beltavélar 2,5 tonn til 70. tonn | Hjólavélar 14-17 tonn
Skotbómulyftarar 7-14 metra | Jarðýtur | Valtarar | Jarðvegsþjöppur
Liðstýrðir námutrukkar / Búkollur | Beltavagnar
Einnig bjóðum við uppá vinnuvélar með GPS Trimble búnaði & Rototilt








ATVINNUTÆKI



Framtíðarhúsnæði Volvo atvinnutækja að Hádegismóum 8.

# Spennandi tímar fram undan

Starfsfólk **Volvo atvinnutækja** | **Brimborg** á spennandi ár í vændum en starfsemin flytur í nýtt húsnæði síðar á árinu. Síðasta ár var það stærsta hjá fyrirtækinu í mörg ár og gert er ráð fyrir að 2017 verði jafnvel stærra þegar kemur að sölu og nýskráningum á atvinnutækjum.

Árið 2016 var það stærsta hjá Volvo atvinnutækjum | Brimborg hingað til að sögn Kristins Más Emilssonar, framkvæmdastjóra atvinnutækjasviðs. Brimborg tók við Volvo umboðinu árið 1988 og hefur því verið með Volvo atvinnutæki í þjónustu og sölu í hart nær þrjátíu ár.

„Síðasta ár var mjög gott, það langbesta þegar litið er nokkur ár aftur í tímann. Markaðurinn er að færast í eðlilegt horf hvað varðar nýskráningartölur í vörubifreiðum og vinnuvélum en við vorum með allt að 27 prósenta markaðshlutdeild í vörubifreiðum yfir tíu tonn að þyngd á síðasta ári og gerum ráð fyrir að árið 2017 verði betra en síðasta ár þegar kemur að nýskráningum á atvinnutækjum. Í vinnuvélum varð salan töluvert meiri heldur en við höfðum gert ráð fyrir á síðasta ári. Frá árinu 2012 hafa verið nýskráðar 23 Volvo hópferðabifreiðar og í dag eigum við til tvær nýjar Volvo rútur og eina notaða á lager. Volvo hópferðabifreiðarnar eru orðnar vel sýnilegar á markaðnum. Auk þess gekk sala á Volvo Penta bátavélum vel á síðasta ári,“ segir Kristinn Már.

> **Markaðurinn er að færast í eðlilegt horf hvað varðar nýskráningartölur í vörubifreiðum og vinnuvélum en við vorum með allt að 27 prósenta markaðshlutdeild í vörubifreiðum yfir tíu tonn að þyngd á síðasta ári og gerum ráð fyrir að árið 2017 verði betra en síðasta ár.**
>
> *Kristinn Már Emilsson*



Volvo L150H hjólaskófla sem Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas fær afhenta á næstu dögum.

## Áralöng reynsla starfsfólks

Volvo atvinnutækjasvið | Brimborg er þjónustufyrirtæki sem leitast við að þjónusta viðskiptavini sem allra best hverju sinni. Ætíð er leitast við að finna bestu lausnina þegar kemur að útfærslu þeirra atvinnutækja sem viðskiptavinir eru að velta fyrir sér. „Starfsfólk okkar hefur áralanga reynslu í útfærslu á þeim atvinnutækjum sem við getum boðið upp á hverju sinni. Varahlutaþjónusta hjá okkar birgjum í Volvo atvinnutækjum er framúrskarandi, ef varahlutir eru ekki til hjá okkur þá nánast undantekningarlaust skila þeir sér erlendis frá daginn eftir, ef pöntun fer fram fyrir hádegi deginum áður. Verkstæðin hjá okkur eru tvískipt, annars vegar eru þjónustaðar Volvo vörubifreiðar og rútur og hins vegar Volvo vinnuvélar og Volvo Penta bátavélar. Tækninni fleygir fram og við vinnum stöðugt að því að mennta okkar starfsfólk á öllum sviðum.“

**Opnunartími er 08.00–17.00**

## Nýtt húsnæði að Hádegismóum

Árið 2017 verður án efa spennandi ár fyrir starfsfólk Volvo atvinnutækja | Brimborg en stefnt er að flutningi í nýtt húsnæði að Hádegismóum 8 sem verður sérhannað utan um starfsemina, í lok þessa árs. Samhliða er verið að fjölga starfsfólki í öllum deildum. „Hönnun hússins er búin að taka langan tíma hér innandyra með fagfólki og starfsmönnum sem hafa komið að hönnuninni. Þar verður eitt allra glæsilegasta og best útbúna verkstæði landsins fyrir þau atvinnutæki sem við erum að þjónusta. Við komum til með bjóða upp á hraðþjónustu við atvinnutæki, smurþjónustu, dekkjaþjónustu og bremsuviðgerðir ásamt öðrum smærri viðgerðum. Frumherji kemur til með að vera með sérhæfða skoðunarstöð fyrir stærri atvinnutæki í austurenda byggingarinnar. Aðstaða og aðbúnaður fyrir starfsmenn og okkar viðskiptavini verður með því besta sem gerist í dag,“ segir Kristinn Már og nefnir einnig að staðsetningin að Hádegismóum sé frábær í útjaðri Reykjavíkur og aðkoma frá stofnbraut fyrir stærri tæki eins og best verður á kosið, auk þess sem staðsetningin er í leiðinni fyrir marga af viðskiptavinum fyrirtækisins á leið þeirra út úr Reykjavík.



Glæsilegar Volvo 9500 og Volvo 9900 hópferðabifreiðar til á lager að Bíldshöfða 6.



Hluti af starfsmönnum Volvo atvinnutækja inni á verkstæði.
MYND/ANTON BRINK



Starfsmenn söludeildar Volvo atvinnutækja.

**Nýtt símanúmer hjá Volvo atvinnutækjum er 515 7070**

## Nánari upplýsingar

Söludeild atvinnutækja er staðsett ásamt sölu varahluta í húsnæði á bak við aðalbyggingu að Bíldshöfða 6. Volvo atvinnutækjasvið er með fjórar heimasíður en þar er hægt að nálgast upplýsingar um vörur og þjónustu ásamt fréttum af því sem er í gangi hverju sinni.

www.volvotrucks.is www.volvoce.is www.volvobus.is og www.volvopenta.is.

**Hægt er að fylgjast með Volvo atvinnutæki – Brimborg á Facebook.**

brimborg
Öruggur staður til að vera á



## Smíðuðu bíl úr legó

Félagarnir Steve Sammartino og Raul Oaida röðuðu saman heilum bíl úr legókubbum. Bíllinn er ökufær og gengur fyrir lofti. Nokkur ár eru síðan þeir létu þennan draum rætast og auglýstu eftir stuðningi við hugmyndina á Twitter. Ekki þurfti meira til en eitt tíst, fylgjendur þeirra brugðust hratt við. Í það heila þurfti 500.000 kubba til að smíða bílinn og voru kubbarnir notaðir í allt, nema einstaka hluta sem þurftu sérstakrar styrkingar við, svo sem dekk. Vélin, sem gengur fyrir lofti, er einnig búin til úr legókubbum. Bíllinn kemst upp í 20 mílur á klukkustund eða 32 kílómetra á klukkustund. Bílasmiðirnir sögðust þó ekki þora að gefa allt í botn af ótta við „legósprengingu“. Útlitið á bílnum sóttu þeir til Hot Rod bíla, af því að þeim þótti það „töff“ og var bílnum raðað saman í heimalandi Rauls, Rúmeníu.

## FALLEGIR FLUTNINGABÍLAR

Í Pakistan má finna skrautlegustu flutningabíla heims. Upphaf þess siðar að skreyta bílinn sinn má rekja til þess að bílarnir verða oft svo skítugir og litlausir eftir langan akstur á slæmum vegum og því tóku vörubílstjórar í Lahore, sem er önnur stærsta borg Pakistans, upp á því að fegra bílana sína með hjálp lista- og handverksmanna. Blómamynstur, fuglar, villidýr og myndir af stórstjörnum og dýrlingum prýða bílana ásamt tilvitnunum í ljóðskáld og trúarrit, Hver bíll er skreyttur á einstakan hátt til að sýna smekk og áhugamál eiganda bílsins og ekki síst hvað honum þykir vænt um bílinn. Flutningabílarnir eru því ekki aðeins farartæki heldur líka listaverk og allir vegfarendur geta notið þess að horfa á sér að kostnaðarlausu.





## Gömul vísa sem virkar alltaf

Víst er það gömul vísa að minna á endurskinsmerkin í umferðinni, en hún er aldrei of oft kveðin. Á þessum myrkustu vetrarmánuðum sjást gangandi vegfarendur illa þrátt fyrir götulýsingu og ökuljós bifreiða og því er notkun endurskinsmerkja nauðsynleg en ekki síður aðgát ökumanna. Það er staðreynd að ökumenn sjá gangandi vegfarendur með endurskinsmerki fimm sinnum fyrr en ella og því getur notkun endurskinsmerkja skilið milli lífs og dauða.

**Endurskinsmerkin eiga að vera sýnileg og er best að hafa þau á eftirfarandi stöðum**

- Fremst á ermum
- Hangandi meðfram hliðum
- Á skóm eða neðarlega á buxnaskálmum

**Hægt er að fá endurskinsmerki á eftirfarandi stöðum:**

- Lyfju
- Slysavarnafélaginu Landsbjörg
- Íslandspósti
- N1
- Minju Skólavörðustíg
- Þjóðminjasafninu
- Epal í Hörpu
- Pennanum í Kringlunni
- Íslandía í Kringlunni og Bankastræti
- Þinni verslun Seljabraut
- Árbæjarsafni
- Versluninni Álafoss í Mosfellsdal
- Ranimosk á Laugavegi
- Litlu barnabúðinni Laugavegi
- ADHD samtökunum
- Hjólreiðaverslunum
- Dynjandi
- Ýmsum blómaverslunum

*Heimild: Samgöngustofa*


# FLUTNINGA*lausnir*

SALA · LEIGA

Carrier TRANSICOLD

DHOLLANDIA



***Optimar KAPP*** **er leiðandi í sölu og leigu á flutningstækjum og búnaði.**

Notuð og ný tæki / Byggt á óskum hvers og eins / Sérsmíði fyrir íslenskar aðstæður / Sérhannaðir fyrir fiskflutninga / Þjónustuverkstæði













**FLUTNINGAVAGNAR**

Í samstarfi við *Schmitz Cargobull* bjóðum við upp á margar gerðir af flutningavögnum.
*Leiga á vögnum.*
*Innflutningur og sala á nýjum og notuðum vögnum.*

Hannað fyrir íslenskar aðstæður:
*Hjólhaf · Full hliðaropnum*
*Slortankar og rennur fyrir fiskflutning*

**VÖRULYFTUR**

Bjóðum allar stærðir og gerðir af vörulyftum frá *DHOLLANDIA.*

**KÆLIBÚNAÐUR**

Sala og þjónusta á kælibúnaði frá *Carrier Transicold.* Yfir 200 kæli- og frystivélar hafa verið seldir á síðustu árum fyrir sendibíla, vörukassa og flutningavagna.

**FLUTNINGSKASSAR**

Sérbyggt á allar tegundir vörubifreiða.

**Hafið samband við sölumenn í síma 587 1300**







authorized ServicePartner of SCHMITZ Cargobull

optimar KAPP Iceland

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | optimar@optimar.is | www.optimar.is




„Eins og staðan er akkúrat núna er þetta stærsti jeppi á landinu. Það er reyndar verið að smíða svipaðan bíl, 8 hjóla. Ég er að leita allra leiða til að toppa það,“ segir Þröstur sposkur.

# Tveir trukkar settir saman í einn

**Þröstur Þór Ágústsson** ekur um á óvenjulegum bíl, sextán manna tryllitæki sem samsett er úr tveimur trukkum. Þrjá mánuði tók að smíða bílinn en Þröstur eyddi tveimur mánuðum í Ameríku í leit að réttu bílunum í smíðina. Bílinn notar hann í jöklaferðir.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



„Okkur vantaði traustan og öflugan bíl sem gæti tekið allt að 16 farþega. Þá kviknaði hugmyndin að samsettum bíl,“ útskýrir Þröstur Þór Ágústsson, leiðsögumaður hjá Ice Explorers.

„Hingað til hafa menn verið að notast við gamla Ford Econoline eða Benz Sprinter en þeir hafa sína galla. Econoline-arnir voru góðir en eru að verða gamlir og Sprinterinn er dýr, mikið af tölvudóti sem á ekki heima í jeppum og alltof litlar vélar. Báðar þessar tegundir eru þar að auki með alltof litlar hásingar, hjólalegur og drif fyrir þessi stóru dekk. Við vildum því hugsa langt út fyrir þennan klassíska ramma fyrir okkar íshellaferðir og jöklaferðir á Vatnajökul,“ segir Þröstur.

„Drifbúnaður undan Benz Unim hefur staðið fyrir sínu í gegnum árin og þá var ekki um neitt annað að ræða en 54 tommu dekk. Grjóthart dæmi.“

Framendi bílsins, grindin, vélin og sjálfskiptingin er Chevrolet Kodiak en aftari hlutinn er Chervrolet Express 16 manna. Þröstur keypti bílana í Ameríku og stóð í ströngu við að koma þeim heim.

„Ég var mánuð úti en það voru nákvæmlega 40 stykki af Chevrolet Kodiak double cap til sölu og lítið af 15 manna Express bílnum. Lukkulega á ég fjölskyldu í Boston sem hjálpaði mér,“ segir hann. „Þegar heim var komið með bílana, eftir að hafa misst af þremur skipum heim, hófst slagurinn við kerfið. Það er svo mikil mannekla á Samgöngustofu að starfsfólkið annar ekki öllu. Margir atvinnubílar tefjast allt of lengi í blaðabunkum og margir sem tapa milljónum á því.“



Þröstur Þór Ágústsson, leiðsögumaður hjá Ice Explorers lét smíða risatrukk úr tveimur öðrum. MYNDIR/ÞRÖSTUR ÞÓR ÁGÚSTSSON

**» Drifbúnaður undan Benz Unim hefur staðið fyrir sínu í gegnum árin**



Gólfteppið var tekið úr og vínilparket sett í staðinn. Undir því er gólfhiti.



„Drifbúnaður undan Benz Unim hefur staðið fyrir sínu í gegnum árin og þá var ekki um neitt annað að ræða en 54 tommu dekk. Grjóthart dæmi.“



Hlutarnir settir saman.



Framendi bílsins, grindin, vélin og sjálfskiptingin er Chevrolet Kodiak.

## Hvernig fór smíðin fram?

„Boddýið á Express bílnum var sagað í sundur og gat gert á Kodiakinn. Boltaðir voru kjammar utan á grindina með öllum festingum fyrir dempara, loftpúða, stýrismaskínu, stífur og fleira. Ekkert soðið á grindina. Breyta þurfti olíupönnunni svo pláss væri fyrir drifkúluna og einnig olíusíunni fyrir sjálfskiptinguna svo drifskaftið nartaði ekki í hana. Nýir olíutankar voru settir í bílinn og loftkútur. Bílarnir eru ansi háðir lofti verandi á loftpúðafjöðrun og 54 tommu dekkjum. Því voru keyptar snigilpressur frá Kanada sem afkasta 2.000 lítrum af lofti á mínútu. Öflugasta rafmagnsdæla sem ég hef séð í jeppa afkastar 500 lítrum á mínútu meðan það er til nóg rafmagn. Hásingarnar komu undan Benz Unim og í þeim eru driflæsingar. Svo eru tveir auka lágir millikassar auk venjulegs millikassa. Toppinn þurfti að hækka auk þess sem orginal teppið var tekið úr og vínilparket sett í staðinn. Undir því er gólfhiti. Olíumiðstöðin getur gengið stöðugt til þess að þurrka bílinn eftir langa rigningardaga.

Við vorum um þrjá mánuði að smíða einn bíl.

Eins og staðan er akkúrat núna er þetta stærsti jeppi á landinu. Það er reyndar verið að smíða svipaðan bíl, 8 hjóla. Ég er að leita allra leiða til að toppa það,“ segir hann sposkur.




Nú fást Snickers WORKWEAR vinnuföt í BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# Hágæða vinnuföt

## í miklu úrvali

**Mikið úrval af öryggisvörum**

uvex · MILLER · OTTER · TOE GUARD · SOLID GEAR · Honeywell · Hultafors · Timberland PRO

**Sérmerkjum fyrir fyrirtæki**

HILTI

**Verkfæri og festingar**

**HAGI ehf** Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is • Hagi ehf HILTI

# Vegagerðin uppfærir 20 ára gömul kort

Kort Vegagerðarinnar með upplýsingum um færð og veður hafa fengið nýtt útlit. Gömlu kortin voru tekin í notkun árið 1996, fyrir tuttugu árum, og hafa staðið fyrir sínu. Með breyttri tölvunotkun landsmanna var kominn tími á uppfærslu enda fæstir ferðalangar við borðtölvu.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is





Kortið eins og það hefur litið út síðustu tuttugu árin.



Í dag eru kortin mun aðgengilegri, sér í lagi í snjallsímum og spjaldtölvum.

„Það var kominn tími til að gera breytingar, þótt gömlu kortin hafi reynst ótrúlega vel,“ segir G. Pétur Matthíasson upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar. „Ný tækni, snjallsímar og spjaldtölvur, kallaði á breytingar, en nú aðlaga kortin sig að þessum tækjum og eru þar af leiðandi mun þægilegri fyrir notendur,“ segir Pétur og bendir á að mjög hátt hlutfall notenda komi inn á vef Vegagerðarinnar í gegnum annað en borðtölvu, sérstaklega þegar eitthvað kemur upp á enda séu ferðalangar sjaldnast við borðtölvuna. „Við mælum samt eindregið með því að fólk fari inn á vefinn okkar eða hringi í 1777 til að athuga með færð og aðstæður áður en lagt er af stað. Það breytist ekki með nýjum kortum.“

## Mikil breyting

Á nýju kortunum eru reitir sem birta upplýsingar um hitastig, vindátt, vindhraða, vindhviður og umferð. Framsetning upplýsinga í þessum reitum er mikið breytt og hún nú orðin grafískari. Sé smellt á reit kemur upp vefsíða með frekari upplýsingum, t.d. daggarmarki, veghita og raka. Vefsíðan birtir einnig línurit yfir upplýsingar frá veðurstöð aftur í tímann.

Í stað þess að birta tilbúnar myndir með línuritum eru nýju línuritin teiknuð í vafra notandans á grundvelli gagna um veður og umferð síðustu sólarhringa. Nýju línuritin hafa m.a. þann eiginleika að þau aðlaga sig að skjástærð notandans. Einnig birta þau benditexta með ítarupplýsingum þegar notandi fer með mús yfir línuritin eða snertir þau á snjalltæki.

„Nýju kortin eru heldur stærri en þau gömlu. Reitir fyrir veðurstöðvar hafa verið minnkaðir sem gefur möguleika á að koma fleiri veðurstöðvum fyrir á kortinu,“ segir Pétur.

**» Hátt hlutfall notenda kemur inn á vef Vegagerðarinnar í gegnum annað en borðtölvu.**

Hann segir kortin mikilvæg fyrir vegfarendur til að átta sig á færð og aðstæðum á vegunum áður en lagt er í ferðalag. „Sjá má ástandið á veginum, hvort hált sé eða þæfingsfærð o.s.frv. Hvort unnið sé að snjómokstri eða hvort leiðin sé einfaldlega ófær. Á vefmyndavélunum má síðan glöggva sig enn betur á aðstæðum, hvernig vegurinn á þeim stað lítur út. Þeim vélum fer líka fjölgandi en hægt er að fara í vefmyndavélar með því að smella á hnapp fyrir ofan kortin.“

## Upplýsingar á ensku

Kortin eru mikilvægt hjálpartæki fyrir alla vegfarendur hvort sem það eru atvinnubílstjórar eða venjulegir ferðalangar, innlendir sem erlendir, því kortin er einnig að finna á ensku á enska vef Vegagerðarinnar www.road.is.

Pétur segir kortin og vefinn mikið notuð, sér í lagi þegar eitthvað er að veðri. „Tölfræði um notkun á vef Vegagerðarinnar sýnir mikla fylgni við vindhraða á landinu. Metdagurinn var í óveðrinu 7. desember 2015 þegar notendur voru 81.556 og síðuflettingar á vefnum þann dag voru tæp milljón.“

Kortin hafa verið í vinnslu síðan í fyrravor og haldið er áfram með þróun þeirra að sögn Péturs. Þeim notendum vefsins sem vilja koma á framfæri ábendingum eða athugasemdum er bent á vefsíðu fyrir fyrirspurnir á vef Vegagerðarinnar.







▶ HJÓLAGRÖFUR


▶ JARÐÝTUR


▶ SKOTBÓMULYFTARAR


▶ BELTAGRÖFUR


▶ HJÓLASKÓFLUR

Merkúr bíður uppá breiða línu vinnuvéla frá LIEBHERR sem gera öll verkefni möguleg.
Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar.

**HÝSI - MERKÚR HF.** - LAMBHAGAVEGI 6 - 113 REYKJAVÍK - SÍMI 534 6050
MERKUR@MERKUR.IS - **WWW.MERKUR.IS**

MERKÚR




A. Wendel ehf. tók nýverið við einkaumboði á Íslandi fyrir Hilltip frá Finnlandi sem framleiðir búnað fyrir pickup bíla og minni vörubíla.

# Áratuga reynsla skilar sér

**A. Wendel ehf.** var stofnað árið 1957 af Adolf Wendel og fagnar því 60 ára afmæli í ár. Fyrirtækið selur aðallega tæki til vinnslu og niðurlagningar á steypu og malbiki, búnað til snjóruðnings og hálkueyðingar á vegum, umferðaröryggisbúnað, vatnsdælur, götuhreinsibíla og allan tækjabúnað til notkunar við sögun og kjarnaborun á steinsteypu og malbiki. A. Wendel tók nýverið við Hilltip umboðinu.

Helstu vörumerki A. Wendel eru Ammann valtarar, jarðvegsþjöppur og malbiksstöðvar. Sömuleiðis Epoke salt-, sand- og pækildreifarar. Eins Överaasen snjóblásarar, kasttennur og flugvallabúnaður. Sömuleiðis Johnston Sweepers gatnahreinsibúnaður, Fjarås fjölplógar og sanddreifarar ásamt Nissen vinnustaðamerkingar. Þá hefur A. Wendel ehf. tekið við einkaumboði á Ísland fyrir Hilltip frá Finnlandi sem framleiðir búnað fyrir pickup bíla og minni vörubíla.

„Vöruúrvalið inniheldur meðal annars dreifara, snjótennur, pækildreifara, sópa og háþrýsti-þvottabúnað. Dreifararnir eru rafdrifnir og geta dreift salti, sandi, áburði og/eða vökva. Dreifararnir eru veghraðatengdir og geta því aukið eða minnkað magn eins og við á hverju sinni. Þeir eru jafnframt útbúnir fullkomnu stjórnborði sem búið er að íslenska,“ útskýrir Jón Wendel, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Snjótennur og fjölplógar eru raf/glussadrifnir og útbúnir með öryggis-skerum og fullkomnum stjórn- og ljósabúnaði. „Hilltip leggur að sögn Jóns ríka áherslu á að framleiða búnað sem hentar evrópskum og japönskum bílum. Hann segir Hilltip dreifara og snjótennur þegar hafa hlotið góðar móttökur hjá verktökum og opinberum aðilum hér á landi.

„Á haustmánuðum afhentum við talsvert af stórum salt- og sanddreifurum frá Epoke og fóru þessir dreifarar til verktaka bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Þessir dreifarar voru bæði í combi- og standard-útfærslum og nær allir með GPRS feril og aðgerðaskráningarbúnaði. Þá afhenti fyrirtækið nýjan Johnston 201C gatnasóp í nóvember síðastliðnum en hann er kominn í notkun í Hvalfjarðargöngum. Johnston Sweepers er einn stærsti gatnasópaframleiðandi í veröldinni og framleiðir eingöngu gatnasópa. Þeir eru frá 4-18 tonnum að þyngd og fer öll framleiðslan fram í Dorking í Bretlandi. Um áramótin fékk Framrás í Vík svo afhentan öflugan ASC 150 jarðvegsvaltara frá Ammann Group. Þá hefur verið talsverð sala í stórum 500 til 810 kílóa jarðvegsþjöppum frá Ammann en þær eru útbúnar 3ja-öxla rótorum sem gerir það að verkum að þær eru mun duglegri í ójöfnu undirlagi en aðrar þjöppur í sambærilegri þyngd,“ upplýsir Jón og bendir á að Ammann er með einkaleyfi á þessum búnaði.

Starfsmenn A. Wendels búa að sögn Jóns yfir áratugalangri reynslu og sérþekkingu og er lögð rík áhersla á að veita viðskiptavinum skjóta og góða þjónustu. Allar nánari upplýsingar er að finna á wendel.is



Á haustmánuðum afhenti Wendel talsvert af stórum salt- og sanddreifurum frá Epoke og fóru þeir til verktaka bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu.




Ammann valtarar eru á meðal helstu vörumerkja Wendel.




Johnston Sweepers er einn stærsti gatnasópaframleiðandi í heimi og framleiðir eingöngu gatnasópa. Í nóvember á síðasta ári afhenti Wendel nýjan Johnston 201C gatnasóp sem er kominn í notkun í Hvalfjarðargöngunum.

**„Hilltip vöruúrvalið inniheldur m.a. dreifara, snjótennur, pækildreifara, sópa og háþrýsti-þvottabúnað. Dreifararnir eru rafdrifnir og geta dreift salti, sandi, áburði og eða vökva. Dreifararnir eru veghraðatengdir og geta því aukið eða minnkað magn eins og við á hverju sinni. Þeir eru jafnframt útbúnir fullkomnu stjórnborði sem búið er að íslenska.**

*Jón Wendel*


ATLAS weycor
Atlas Weycore hjólaskóflurnar endurspegla mikla ástríðu, áhrifamikla tækni og þýsk gæði.
Minni losun: NOx og PM mörk samkvæmt ströngustu kröfum
Hagkvæmni: Meiri orka, minni olíueyðsla
ÖFLUGAR ÞÝSKAR HJÓLASKÓFLUR OG VALTARAR
2 TIL 14 TONN MEÐ ALLT AÐ 40 KÍLÓMETRA KEYRSLUHRAÐA
Aflmikill drifbúnaður
Weycor hjólaskóflur eru búnar framúrskarandi díselvélum sem sameina mikið afl og byggja á krefjandi umhverfi í mengun.
Aðskilinn skriðpetall
Í samanburði við hefðbundinn samstæðan bremsu/skrið petal er Weycor með aðskildinn skriðpetal sem kemur í veg fyrir að virkja aðalbremsu óvart.
Þægilegt stýrishús
Til viðbótar einstöku útsýni allan hringinn í Weycor hjólaskóflum, er öllum stjórntækjum frábærlega vel komið fyrir og öll hönnun á vinnuvistfræði eins og best er á kosið.
Sérhannaðar samsetningar
Tengistangir og fljótandi afturöxull eru saman að skila framúrskarandi stjórnun og hreyfanleika. Jafnvel í erfiðu umhverfi er lágur þyngdarpunktur að skapa einstakan stöðugleika
weycor
Weycor 75eT 7. 5 tonn hjólaskófla með skotbómu og allt að 40 km hraða
ÁSAFL
Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

# Eldsneytissparnaður með Mobil Delvac

Delvac mótorsmurolíur hafa verið framleiddar frá 1925, þá af fyrirtækinu Vacuum Oil sem síðar varð hluti af Exxon Mobil. Þær hafa verið óslitið í framleiðslu og stanslausri þróun í 92 ár. Olíurnar stuðla að bættri endingu véla og umtalsverðum eldsneytissparnaði.

Mobil Delvac olíurnar fást hjá N1 en þar er lögð áhersla á að bjóða bestu fáanlegu olíur sem stuðla að bættri endingu véla og rekstraröryggi hjá viðskiptavinum. „Í dag eru framleiddar Delvac og Delvac 1 mótorsmurolíur sem henta og eru viðurkenndar á flestar gerðir af atvinnubílum og vinnuvélum. Einnig eru framleiddar gírolíur og sjálfskiptivökvar undir sömu nöfnum," upplýsir Víðir Ólafsson, smurolíuráðgjafi hjá N1. DELVAC stendur fyrir Diesel Engine Lubricant by Vacuum Oil.

Delvac 1 er að sögn Víðis svokölluð flaggskips-lína Mobil. „Þar er allt kapp lagt á að ná fram sem bestri vörn fyrir vélbúnaðinn og sömuleiðis sem lengstum líftíma smurolíunnar," segir Víðir en sýnt hefur verið fram á það með prófunum að Delvac 1 olíurnar geta stuðlað að umtalsverðum eldsneytissparnaði miðað við hefðbundnar olíur.


Að sögn Víðis er lögð mikil áhersla á þróun og prófanir hjá Exxon Mobil. MYND/ANTON

Hjá Exxon Mobil er að sögn Víðis mikill metnaður lagður í að framleiða hágæða smurolíur og er því mikið lagt í þróun og prófanir á framleiðslunni. „Þróunarvinnan er unnin hjá Exxon Mobil en ekki stuðst við aðkeyptar „uppskriftir" eins og sum minni olíufélög gera gjarnan. Þá er mikil áhersla lögð á að vinna náið með framleiðendum tækjanna og afla viðurkenninga frá tækjaframleiðendum á olíurnar."

Að sögn Víðis snýst allt um eldsneytissparnað og líftíma vökvans þegar kemur að gírolíum og sjálfskiptivökvum í dag og eldsneytissparnað og mengunarvarnir þegar kemur að gírolíum. „Með tilkomu mengunarvarnaðarbúnaðar og auknum kröfum um sparneytni geta þeir sem annast viðhald á vinnuvélum og atvinnubílum ekki lengur látið það duga að nota eina gerð af olíu á allan flotann eins og algengt var fyrir nokkrum árum. Í þá tíð komust menn býsna langt með því að eiga tunnu af Delvac MX 15W-40 og eina gírolíutunnu. Sú er ekki raunin lengur."

Að sögn Víðis er hægt að velja nokkrar gerðir af Exxon Mobil mótorolíum. Delvac XHP ESP 10W-40, er með langmestu notkunarmöguleikana en sú olía hefur hlotið viðurkenningar frá Mercedes Bens, MAN, Volvo, Renault og Scania svo dæmi séu nefnd. Þessi olía er ætluð á Euro 5 og Euro 6 bíla með mengunarvarnabúnaði í útblásturskerfum. Hún er syntetýsk og þolir langa notkun við erfið skilyrði," útskýrir Víðir.

**„Með tilkomu mengunarvarnabúnaðar og auknum kröfum um sparneytni geta þeir sem annast viðhald á vinnuvélum og atvinnubílum ekki lengur látið það duga að nota eina gerð af olíu á allan flotann.**

*Víðir Ólafsson*



Með Mobil Delvac 1 fæst besta mögulega vörn fyrir vélabúnaðinn sem lengir jafnframt líftímann.

Delvac XHP EXTRA 10W-40 er svo mest notuð á Scania, enda hefur hún Scania LDF-3 viðurkenningu. Delvac 1 LE 5W-30 er síðan nýjasta olían í þessum flokki. Hún er ætluð á nýjustu vélarnar og hefur hlotið viðurkenningar frá fjölmörgum framleiðendum. „Gerðar hafa verið samanburðartilraunir með því að bera saman eyðslu á flutningabílum sem nota þessa olíu og hefðbundna 15W-40 olíu og kemur Delvac olían umtalsvert betur út," segir Víðir. „Millbrook, sem er óháður aðili, sá um að bera saman eyðslu á tveimur Volvo FM 440 bílum og tveimur Iveco Eurocargo 75E16. Með því að nota Delvac 1 LE á vélina, syntetýska gírolíu á gírkassa og Mobilube 1 SHC á afturdrifin mældist allt að 2,9% eldsneytissparnaður miðað við hefðbundnu olíurnar."

Víðir segir starfsfólk N1 alltaf reiðubúið að veita ráðgjöf og aðstoð við úrlausn á ýmsum vandamálum sem tengjast eldsneyti og smurefnum. Hann segir það getað margborgað sig að velja réttu efnin.

# Heldur upp á gömlu smábílana

Um fimmtán ára skeið hefur Halldór Jónsson, best þekktur sem Dóri tjakkur, safnað ýmsum gerðum af smábílum. Í dag á hann rúmlega 100 smábíla og leitar helst að gömlum amerískum vörubílum í safnið. Bílana kaupir hann víða, t.d. á netinu og á ferðum sínum erlendis.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Halldór Jónsson, betur þekktur sem Dóri tjakkur, er einn lífseigasti trukkabílstjóri landsins en hann hefur setið undir stýri í næstum 44 ár með stuttum hléum. Hann ólst nánast upp í vörubíl en faðir hans keyrði vörubíl fyrir Ísbjörninn þegar Dóri var ungur, sem vafalaust hefur smitað hann af bílaáhuganum á sínum tíma.

Fyrir fimmtán árum tók Dóri bílaáhugann inn á nýjar slóðir þegar hann hóf að safna smábílum af ýmsum gerðum, t.d. fólksbílum, vörubílum og vinnuvélum. „Ég var staddur í Glasgow í Skotlandi og flæktist inn í verslun sem átti að loka bráðlega. Þar sá ég 30 fallega breska smábíla sem seldir voru saman í pakka og féll algjörlega fyrir þeim. Þetta eru nokkurs konar auglýsingabílar, vel merktir þekktum vörumerkjum á borð við Smirnoff, Heinz, Baileys og Coca cola. Svo vatt þetta heldur betur upp á sig og í dag á ég rúmlega 100 bíla en flesta þeirra hef ég eignast á síðustu 7-8 árum."

Meðal smábíla sem Dóri á eru Cadillac kaggar frá árunum 1955-1957, Chevrolet pallbílar og Scania vörubíll sem hann heldur sérstaklega upp á. „Ég átti svona Scania vörubíl þegar ég var strákur og varð því mjög glaður þegar hann rak á fjörur mínar. Eins og margir strákar á þessum tíma átti ég fjölda smábíla og ég sé eiginlega mest eftir því að eiga þá ekki ennþá í safni mínu."



Dóri átti sambærilegan Scania vörubíl þegar hann var strákur.


Það er hugsað fyrir öllum smáatriðum á bílunum.



Hluti af auglýsingabílum úr safni Dóra en þeir voru keyptir fyrir fimmtán árum.


Fallegur dráttarbíll sem vekur upp gamlar minningar.

## Ekki leikföng

Smábílana hefur hann keypt víða, bæði hér á landi og á ferðalögum erlendis. „Áður fyrr gat ég stundum keypt bíla í Tómstundahúsinu og svona bílar eru stundum seldir í Hagkaup og jafnvel í Tiger. Ef ég sé þá reyni ég að kaupa þá fljótt því þeir stoppa sjaldnast lengi í sölu. Svo er mér stundum gefnir bílar sem mér þykir vænt um. Þessa dagana er ég helst að leita að gömlum amerískum vörubílum og leita þeirra t.d. á netinu. Síðan fer ég reglulega á trukkasýningar erlendis og þá nota ég tækifærið og reyni að finna nýja smábíla."

Dóra þykir vænt um smábílana sína og hugsar vel um þá. „Þeir eru svo sannarlega ekki notaðir sem leikföng heldur hef ég komið þeim fyrir í glerskápum heima hjá mér. Þetta eru líka viðkvæmir bílar með mörgum litlum smáhlutum sem gætu brotnað auðveldlega ef litlir puttar komast í þá. Þannig að þeir standa bara glansandi fínir heima fyrir til sýnis fyrir gesti."


Halldór Jónsson, betur þekktur sem Dóri tjakkur, á rúmlega 100 smábíla sem hann hefur safnað á síðustu fimmtán árum. MYNDIR/STEFÁN

**„Ég var staddur í Glasgow í Skotlandi og flæktist inn í verslun sem átti að loka bráðlega. Þar sá ég 30 fallega breska smábíla sem seldir voru saman í pakka og féll algjörlega fyrir þeim.**

*Halldór Jónsson (Dóri tjakkur)*




Þriggja ára ábyrgð fylgir
öllum nýjum Bobcat tækjum.

Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf // Kistumel 2 // 116 Reykjavík // Sími 480 0444 // vinnuvelar@vinnuvelar.is // www.vinnuvelar.is




Carnehl malarvagnar
í öllum stærðum og gerðum.

Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf // Kistumel 2 // 116 Reykjavík // Sími 480 0444 // vinnuvelar@vinnuvelar.is // www.vinnuvelar.is




Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16
Verið velkomin í reynsluakstur




Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333




OPEL Á ÍSLANDI
Kynntu þér Opel fjölskylduna á benni.is | opel.is



## HVÍLAST Í HELLUNUM

Lengstu veggöng í heimi eru í Lærdal í Noregi og eru þau 24,51 kílómetri að lengd. Göngin tengja Lærdal og Aurland í Sogni og Firðafylki. Bygging ganganna hófst árið 1995 og voru þau opnuð árið 2000.

Við hönnun ganganna var tekið tillit til álagsins sem bílstjórar eru undir við að aka í gegnum þau og er þeim skipt upp í fjóra hluta sem eru aðgreindir með þremur stórum hellum. Í göngunum sjálfum eru ljósin hvít en í hellunum er birtan bláleit með gulum ljósum sem á að líkja eftir sólarupprás. Tilgangurinn með hellunum er að brjóta upp rútínuna fyrir bílstjórana, koma með annað útsýni og veita þeim stutta hvíld. Hellarnir eru líka ætlaðir til þess að snúa við ef þörf er á og eiga auk þess að létta þeim sem eru með innilokunarkennd lífið á þeim tuttugu mínútum sem það tekur að keyra í gegnum göngin.





## Flestir brjóta umferðarreglur

Þótt alltaf sé nauðsynlegt að aka varlega eru samt auknar hættur á vegum í vetrarfærð. Samkvæmt rannsókn sem Goodyear gerði í Svíþjóð brjóta sjö af hverjum tíu ökumönnum þar í landi umferðarreglur. Rannsóknin sýnir að aðeins örfáir ökumenn fara í gegnum daginn án þess að brjóta eitthvað af sér í umferðinni. Konur virtust vera hlýðnari í umferðinni en karlar.

Rannsóknin fór fram 18. til 20. október 2016 en 1.007 manns tóku þátt. Spurt var hversu oft brýtur þú umferðarreglurnar þegar þú ert úti í umferðinni? Margir viðurkenndu sem sagt að fara ekki nákvæmlega eftir umferðarreglum sem þykir vitaskuld vond niðurstaða.

Það er mjög mikilvægt að keyra samkvæmt umferðarreglum til að koma í veg fyrir slys. Forráðamenn Goodyear segja niðurstöðuna vonbrigði. „Það er alltaf nauðsynlegt að fylgja umferðarreglum, ekki síst á köldum og dimmum mánuðum,“ segir Sofia Koski, markaðsstjóri Goodyear á Norðurlöndum.

Tvö prósent svarenda sögðust ávallt brjóta umferðarreglur, 9% sögðust oft gera það en 65% viðurkenndu að það kæmi stundum fyrir. Þeir sem aldrei brjóta af sér voru 21 prósent.



## Hreyfing borgar sig

Vörubílstjórar og ökumenn vinnuvéla sitja oft löngum stundum undir stýri þegar vinnudagurinn er langur. Því er nauðsynlegt að brjóta upp daginn og hreyfa sig reglulega eins og hægt er miðað við starf hvers og eins.

Gott viðmið er að standa upp á um 40-60 mínútna fresti sé það mögulegt, teygja úr sér og ganga helst um í stutta stund. Með því að ganga t.d. hraðar, í meiri halla eða lyfta hnjánum má reyna meira á sig. Lengri hlé er síðan hægt að nýta í lengri göngu og frekari æfingar. Einnig er tilvalið að sveifla örmunum til að örva blóðflæði um axlirnar og efri útlimi.

Aðstæður til hreyfingar á vinnutíma eru auðvitað mismunandi og oft er jafnvel lítið sem ekkert hægt að hreyfa sig. Þá er mjög mikilvægt að huga að hreyfingu utan vinnutíma, hvort sem það eru lengri göngur, hjólreiðar, sund eða að stunda frekari þjálfun í samræmi við getu og áhuga hverju sinni.

Aðalatriðið er að forðast að sitja kyrr tímunum saman og taka ákvörðun um að hreyfa sig.





# ÞREYTT Á AÐ VERA ÞREYTT?

**Járnskortur getur verið ein ástæðan. Floradix hjálpar þér að viðhalda góðri heilsu og heilbrigði.**

**Engin aukaefni!**




**Fæst í apotekum, heilsuvörubúðum og betri matvöruverslunum**

# OptiBac probiotics






## Anna G. Steinsen

heilsumarkþjálfi, þjálfari, fyrirlesari og jógakennari

Ég hef notað Optibac probiotics extra strength og finn heilmikinn mun á mér þegar ég tek inn þessa góðgerla daglega.

Ef ég borða mjólkurvörur eða glútein þá finn ég fyrir óþægindum í ristlinum, ef ég tek Optibac probiotics daglega þá líður mér miklu betur og er ekki eins þaninn.

Lykilatriði að taka inn góða gerla og Optibac hentar mér frábærlega, ég mæli eindregið með Optibac probiotics vörunum. Aukin vellíðan og minni óþægindi.

Fæst í apótekum og heilsubúðum

www.facebook.com/optibaciceland

PRENTUN.IS

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**GOTT VERÐ 2.490.000.-**
OPEL ZAFIRA TOURER 7 MANNA. Árg.2013, ek.133.þ km,dísel, sjálfskiptur, á staðnum. Rnr.128664. S:562-1717.



**GOTT VERÐ 3.590.000.-**
MMC PAJERO INSTYLE 35". Árg.2007, ek.aðeins 147.þ km,dísel, sjálfskiptur, leður og 7 manna, á staðnum. Rnr.128730. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




BÍLAMIÐSTÖÐIN



NISSAN Qashqai. Árg 2014, ek 37 Þ.KM, dísel, sjálfsk. V.3.490 þús. Rnr.102138. Einn eigandi , Topp eintak , Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500



SUBARU Outback Lux. Árg 2012, ek 146 Þ.KM, bensín, sjálfsk. V. 2.790 þús . Rnr.101644. Bíllinn er á staðnum hjá okkur Bílamiðstöðin s.517 4500

**Bílamiðstöðin**
**Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 4500**






bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



7 manna glæsilegur Land cruiser GX 150 árg. 2012, ný heilsársdekk og nýir hemlar, ekinn 105000. Bein sala kr. 6.200.000 Uppl. í síma 6922111



Fiesta '08 1.4, 5 dyra. Sk. '07-2018. Ekinn 165þ. Ásett 790þ fæst á 630.000-kr. 100.000-kr gjafbréf í sólina fylgir. Uppl. í s:779-2416

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

### Bókhald

VSK uppgjör. Skil á gögnum/miðum til RSK. Skattskýrslur. Bókhald. Stofnun fyrirtækja. FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19. Sími 533 1533.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.


HYUNDAI
i20 CLASSIC

FRÍR VETRARPAKKI
- Negld vetrardekk
- Hiti í sætum
- Hiti í stýri

- ESP stöðugleikastýring
- 6 öryggispúðar
- ISOFIX bílstólafestingar
- Akstursölva
- Handfrjáls símabúnaður
- USB og AUX tengi
- Kastarar í stuðara
- Aðgerðarstýri

100% fjármögnun
**38.366 kr. á mánuði

Nýr bíll 2017
VERÐ KR. 1.990.000



KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is
Malarhöfða 2 Sími 5773777 www.bill.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

Hús óskast til leigu ca mars/apríl, helst á höfuðborgarsv. en má vera á suður eða vesturlandi. 200-300 þús á mán. Fyrirfram eða trygging, langtíma upp: 6996762/Tómas hreinverk@hreinverk.is

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VAKSTJÓRI ÓSKAST**
**200.000-450.000 Á MÁNUÐI**

Erum að leita af karlmanni sem talar íslensku í starf í verslun / skyndibitastað í 101 Reykjavík. Unnið er kvöld og helgar. Getur hentað með skóla og einnig sem fullt starf.Mjög góð laun í boði.

**Umsókn með mynd sendist á 101atvinna2017@gmail.com**


**Kjöt-iðnaðarmaður**

**Síld og fiskur ehf.**
...óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann við störf í úrbeiningu söltun og vinnslu.

Menntun og reynsla -
Skipulagshæfileikar - Sjálfstæð vinnubrögð, stundvísi og frumkvæði.
Snyrtimennska.
Íslensku- og enskukunnátta.

**Upplýsingar um starfið:**
**Guðni Már**
sími 820 3866 - gudnimar@ali.is
eða **Ómar Grétarsson**
sími 820 3867 omar@ali.is

Ali
Síld og fiskur ehf. - Ali


**JÁRNABINDINGAR / PRAZY ZELAZA**

Járngrímur óskar eftir mönnum. Áhugasamir hafið samband S. 863 6208 & olafurjarn@gmail.com Prazy zelaza


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.



SAFT
Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU





## Ertu til í áskorun?

Við leitum að metnaðarfullum og hraustum einstaklingum í starfsmannahópinn okkar. Leikskólinn Sjáland er sjálfstætt starfandi leikskóli í Garðabænum sem starfar eftir fjölvísisstefnunni með áherslu á sjálfstæði og styrkleika hvers og eins. Það er okkur mikilvægt að starfsmenn sýni sjálfstæði, frumkvæði, nákvæmni og upplifi gleði í sínu starfi. Jafnframt eru græn gildi og umhverfismennt mikilvægur þáttur í okkar starfi.

### Starf kennara

Við leitum að leikskólakennurum eða starfsfólki með uppeldismenntun eða reynslu af vinnu með börnum. Ert þú þessi skemmtilegi, jákvæði einstaklingur sem hefur brennandi áhuga á að kenna börnum á mikilvægasta skólastiginu? Þá átt þú heima hjá okkur.

### Starf atferlisþjálfa

Starfið er bæði krefjandi og spennandi. Í starfinu felst þjálfun á öllum daglegum athöfnum barnanna ásamt samvinnu í faglegu teymi.
Starf sem atferlisþjálfi veitir dýrmæta reynslu í að nýta þekkingu á atferlisgreiningu í verki.

Leitum að starfsmönnum í 100% starf í báðar stöðvar sem geta hafið störf sem fyrst.
Umsækjendum er bent á að senda ferilskrá til Auðar Friðriksdóttur á netfangið audur@sjaland.is.

LEIKSKÓLINN SJÁLAND
– náttúruleg gleði

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

# SKIPULAGSBREYTING

## Breyting á deiliskipulagi Eskivalla II og I3 í Hafnarfirði

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi 13.12.2016 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi við Eskivelli II og I3 í samræmi við I. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Breytingin felst í eftirfarandi: Fjölbýlishús F1. Við Eskivelli 11 verður eitt sex hæða fjölbýlishús (F1) með 39 íbúðum Byggingarreitur er í vinkli og verður nú 31,6m x 42,5m að utanmáli og 11,3m – 14,5m breiður, 708,5m². Bílageymsla neðanjarðar er felld út og bílastæðum komið fyrir á lóð. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar fyrir lóðina. Fjölbýlishús F2, Eskivellir 13. Bílageymsla neðanjarðar er felld út og bílastæðum komið fyrir á lóð. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar fyrir lóðina.

Tillögurnar verða til sýnis í Þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2, frá 31.01.2017–16.03.2017. Einnig er hægt að skoða tillögur á **hafnarfjordur.is**. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 16. mars 2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn einelti.

**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi



# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta


Gerðu verðsamanburð og lækkaðu GSM reikninginn þinn með 365
ENDALAUS
GSM
365
365.is
Sími 1817
Hvaða leið hentar þér?
LEIÐ 1
Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
0 GB gagnamagn
790kr.
LEIÐ 2
Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
1 GB gagnamagn
1.680kr.
LEIÐ 3
Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
5 GB gagnamagn
2.680kr.
LEIÐ 4
Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
30 GB gagnamagn*
3.490kr.
365.is | Sími 1817
365
*Greitt er fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Á ferðalögum erlendis eru boðnir ferðapakkar Evróski Draumurinn og Ameríski Draumurinn.
30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB.

## Merkisatburðir

**1881** Nýbyggð og vönduð kirkja á Núpi í Dýrafirði fýkur á haf út í ofviðri.
**1926** Fyrstu útvarpsútsendingar í tilraunaskyni fara fram á Íslandi.
